

JÓSEF KRISTJÁNSSON
Ekki nógu duglegur að þrifa bílinn

bílar tíska ferðir
allt í MIÐJU BLAÐSINS



REYNI EGGERTSSON
Öllu gamni verður að fylgja alvara

Ekki hægt að segja sama brandarann tvisvar?
FÓLK 58



Verðdæmi 25. maí
plús **Tenerife**
39.880 kr.
á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára á Parque de las Americas í 2 vikur.
Plúsferðir · Hlíðasmára 15 · 200 Kópavogur · Sími 535 2100 · www.plusferdir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. janúar 2006 — 34. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Fær loksins að leika prinsessu




Elfar Logi Hannesson er 35 ára í dag. Hann æfir nú stift fyrir einleik um Dimmalimm.

TÍMAMÓT 22

Sungjó með hamingjunni

Sesselja Kristjánsdóttir stígur fram sem draumadísín Öskubuska í Íslensku óperunni á morgun.



VIÐTAL 58



Hömlulaust ofát

GSA-samtökin hafa í fimm ár hjálpað ofætum að ná stjórni á matarfélin.


HELGAREFNI 52

Eins og markaðsvirði Granda

Tap Chelsea á síðasta ári nam sömu upphæð og miðlungs-fyrirtæki í Kauphöll Íslands eru metin á. Þrátt fyrir það á Roman Abramovich ekki í neinum vandræðum með að greiða það upp.

ÍPRÓTTIR 50

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING Í dag verður suðaustan-strekkingur sunnan og vestan til en lægir með kvöldinu. Rigning sunnan lands og vestan en yfirleitt þurr á Norður- og Austurlandi. Hiti 3-8 stig, svalast fyrir austan.

VEÐUR 4



SAGAN SÖGÐ Björk á tali við fjögurra barna móður sem býr með börnunum sínum í litlu tjaldi í fiskiporpi í Aceh-héraði. Fjölskyldufaðirinn lést í flóðbylgjunni og húsið þeirra eyðilagðist eins og raunar allt porpið. Unnið er byggingu nýrra híbýla fyrir fjölskylduna og er þess vænt að konan og börnin fjögur fái þak yfir höfuðið innan skamms.

UNICEF/JOSH ESTEY

Björk Guðmundsdóttir er nýkomin frá Aceh-héraði í Indónesíu:

Erfið reynsla og ólýsanleg

HJÁLPARSTARF Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður heimsótti borgina Banda Aceh í Indónesíu fyrir nokkrum dögum og kynnti sér uppbyggingarstarf Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF. Aceh-hérað varð hvað verst úti í flóðbylgjunni miklu á júlalag 2004 og er talið að um 175 þúsund íbúar þess hafi látist. Í kjölfar hamfaranna gaf Björk út sérstaka hljómplötu og hefur ágóði sölu hennar runnið til UNICEF. „Það er aldrei hægt að undirbúa sig almennilega

fyrir svona. Þetta er ólýsanlegt, tilfinningin er ótrúleg. Það er eins og 5.000 tonn séu sett á axlirnar á þér,“ segir Björk um upplifun heimsóknarinnar. Hún getur þess einnig að miklar öfgar hafi mætt sér, bæði hafi hún orðið vitni að kraftaverkum og eins hitt fólk sem aldrei mun bera þessa bætur.

Björk er ofarlega í huga dans sem hún sá lítil börn stíga. „Þau eru öll munaðarlaus og höfðu samið dansinn sinn sjálf. Þau voru öll í bleikum fötum og með blóm

í hárinu. Þau dónsuðu þann fegursta dans sem ég hef séð og ég grét úr mér augun.“

Oftsinnis hefur verið falast eftir þátttöku Bjarkar í ýmskonar góðgerðarstarfi. Hún hefur þó lítið gefið sig að slíku fyrr en nú. „Ég ákvað einhvern tíma að í stað þess að gera marga litla hluti myndi ég frekar gera eitthvað eitt stórt og fylgja því eftir. Alveg frá trýninu á skepnum og út í hala. Eða allavega reyna það.“

- bps / sjá síður 24 og 25

Samkeppniseftirlitið skoðar Landsvirkjun

Samkeppniseftirlitið skoðar hvort langtímasamningar orkuveitna við Landsvirkjun hamli samkeppni á raforkumarkaði.

ORKUMÁL Samkeppniseftirlitið skoðar heildsölusamninga Landsvirkjunar við orkuveitur, meðal annars tímalengd samninganna. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri eftirlitsins, segir afstöðu þess ekki liggja fyrir: „Sé orkunni ráðstafað til langs tíma getur það haft skaðleg áhrif á samkeppnina.“ Páll Gunnar segir ábendingar og kvartanir á síðasta ári hafa ýtt athuginni úr vör. Í Fréttablaðinu á fimmtudaginn var Landsvirkjun sögð þvinga orkuveitur til að gera langtímasamninga um kaup á orku, sem þær selji síðan til heimila og fyrirtækja.

Þorsteinn Hilmarsson, upplysingafulltrúi Landsvirkjunar,

segir fullyrðingar um langtímasamningana ekki standast. Landsvirkjun bjóði orkuveitunum eins, þriggja, sjö og tólf ára heildsölusamninga auk grunnorkusamninga. Smásalar, það er orkuveitur, geti að hámarki keypt 85 prósent af orku frá Landsvirkjun til sjö eða tólf ára: „Viðskiptavinir sem samið hefur verið við hafa almennt verið áhugasamir um að nýta sér þau kaup.“ Missi smásalinn fimmtán prósent af markaðshlutdeild sinni eða meira, geti hann samkvæmt samningunum skilað því rafmagn sem ekki selst eða selt það öðrum.

Páll Gunnar segir athugin á þróun samkeppinnar á raforku-

markaði eitt af framtíðarverkefnum eftirlitsins: „Við erum að stíga fyrstu skref í því núna.“ Eignatengsl milli orkuveitna og Landsvirkjunar hafa ekki verið skoðuð, en svo kann að fara á síðari stigum. Markaðshlutdeild fyrirtækjanna er tekin fyrir í einstökum málum, komi þau upp. Hann vildi ekki tjá sig um hvort stærð Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur verði til þess að þær brjóti samkeppnislög með því að framsetja orku frá Landsvirkjun á undirverði til fyrirtækja: „Á þessum markaði eru æði stór fyrirtæki og menn geta því sjálfir gert sér í hugarlund hvaða atriði kunni að koma til skoðunar.“

gag@frettabladid.is

Dorrit þarf í fleiri rannsóknir: Forsetafrúnni líður ágætlega

BESSASTADIR Dorrit Moussaieff forsetafrú mun gangast undir læknisrannsókn í dag.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær fékk Dorrit aðsvif við upphaf afhendingar Íslensku bókmenntaverðlaunanna á miðvikudag.

Aðspurður um líðan Dorritar segir Órnólfur Thorsson forsetaritari að hún hafi farið í rannsókn á sjúkrahúsi í gærmorgun. Þar dvaldi hún í nokkrar klukkustundir og hélt síðan aftur heim á Bessastaði. Henni leið ágætlega og ætlaði að reyna að hvílast.

Dorrit fer aftur á sjúkrahús í dag svo mögulegt sé að ljúka þeim rannsóknunum sem lækna vilja að hún gangist undir.

-shá



KJARNORKA Íranskar stúlkur á stuðningsfundum við kjarnorkuáætlun lands síns í Teheran í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjallað um málefni Írans: Lokaákvörðunin tekin í dag

VÍNARBORG, AP Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA, mun taka ákvörðun á fundi í Vínarborg í dag um hvort senda skuli kjarnorkumál Írans fyrir Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Talið er víst að svo fari, en kjarnorkuáætlun Írana hefur vakið ugg í brjóstum margra.

Í gær hótuðu Íranar að verði málum þeirra vísað til Öryggisráðsins munu þeir segja skilið við samvinnu við Rússa varðandi auðgun úrans. Þegar hafa þeir hótad að skera á samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og hefja auðgun úrans af fullum krafti, komi til kasta ráðsins.

-smk

Veldu það besta



Íslenskir framleiðendur





50% afsl.
af öllum
pottaplöntum

Útsölu lok



Verðsprengja
á gróðurmold



Gróðurmold 10 ltr. **199**

Túlípanar 10 stk. **799**


blómaval
heillandi heimur

Skútuvegur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 3.2.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	63,03	63,33
Sterlingspund	111,95	112,49
Evrá	76,08	76,5
Dönsk króna	10,192	10,252
Norsk króna	9,478	9,534
Sænsk króna	8,183	8,231
Japanskt jen	0,5315	0,5347

SDR 91,07 91,61

Gengisvísitala krónunnar 106,6614

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Litháiska konan Rima hefur fengið hótanir frá Litháen vegna blaðumfjöllunar:

Leitað eftir lögregluaðstoð

VINNUMARKAÐUR Litháisku konunni Rimu, sem sagði sögu sína í fjölmiðlum í gær eftir að hafa leitað réttar síns hjá Alþýðusambandinu, var hótad í símtölum frá vinnuveitendum sínum í Litháen í gær. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að hún hafi orðið hrædd, lokað sig inni og hafi ekki viljað tala við neinn.



LAGERHÚSNÆÐI BÉBÉ VÖRUHÚSS Fyrirverandi samstarfsmenn Rimu hafa áhyggjur af henni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ASÍ haldi Rimu í gíslingu. „Við höfum haft áhyggjur af Rimu,“ segir hann.

Rima hafði starfað hjá BÉBÉ Vöruhúsi í Kópavogi á vegum starfsmannaleigunnar 3B Baltic í Litháen frá því í haust. Hún hefur verið á litháískum launum en BÉBÉ Vöruhús hefur greitt henni dagpeninga. Hinrik Morthens segist ekki þurfa að greiða samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Verði dæmið reiknað til enda skuldi Rima sér peninga.

Hann segir að Rimu hafi ekki verið sagt upp og henni hafi ekki verið ætlað að þrifa kauplaust í aukavinnu eins og haldið hefur verið fram.

Umferðarslys við Hvolfsvöll:

Slasaðist lítið eftir bílveltu

LÖGREGLUMÁL Ökumaður velti bíl sínum við Suðurlandsveg rétt vestan við Hvolfsvöll í fyrradag og fór bíllinn margar veltur. Ökumaður, sem var fullorðin kona, slasaðist lítið og þykir mikil mildi að ekki fór verr.

Hún var flutt með sjúkubíl til Reykjavíkur eftir skoðun á Hvolsvelli og dvelur enn á sjúkrahúsi. Bíllinn er gjörónýtur að sögn lögreglu. Slysíð varð um hálfimmleytið á fimmtudag en tildrög þess eru óljós.

Hvorki hálka né bleyta var á veginum og nær engin umferð. Málið er í rannsókn.

- ghs

- sdg



JOHN BOEHNER Tekur við af Tom DeLay sem leiðtogi republikana í fulltrúadeild Bandaríkjaþings. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Republikanaflokkurinn vestra:

Boehner nýr þingleiðtogi

BANDARÍKIN, AP John Boehner, þingmaður frá Ohio, er nýr leiðtogi republikana í fulltrúadeild Bandaríkjaþings. Hann bar sigurorð af tveimur keppinautum, Roy Blunt frá Missouri og John Shadegg frá Arizona, í atkvæðagreiðslum í þingflokknám á fimmtudag.

Boehner tekur við af Tom DeLay, þingmanni frá Texas, sem nú sætir ákærum í spillingarmáli. Í úrslitaatkvæðagreiðslunni sló Boehner Blunt við, en fyrirfram hafði verið talið að Blunt ynni, en hann er náinn samherji DeLays.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Trilla strandaði í Hrísey Skipstjóri trilla er grunaður um ölvun eftir að trilla hans strandaði í fjörinni í Hrísey aðfaranótt föstudags. Að sögn lögreglunnar á Dalvík eru tildrög slyssins óljós en málið í rannsókn. Skipstjórinn var tekinn upp í aðra trilla og gisti fangageymslur lögreglunnar á Akureyri um nóttina.

Ekið á hross Ekið var á hross rétt sunnan við Hvammstanga í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar á Blönduósi hljóp hrossið fyrir bílinn sem skemmdist töluvert við áreksturinn. Afliða þurfti hrossið.

Hraðakstur og stútur við stýrið Ölvaður ökumaður mældist á 119 kílómetra hraða við Hvasshraun í fyrirakvöld en þar er 90 kílómetra hámarkshraði. Ökumaður reyndist með 0,9 prómill í blóðinu sem telst töluvert mikið.



ODDNÝJU Í 4. SÆTI Allir geta kosið unga konu til áhrifa í Reykjavík

Fleiri verkefni verði flutt til Landhelgisgæslunnar

Formaður þingflokks Framsóknarflokksins fagnar því að Landhelgisgæslan sé nú höfð með í ráðum í samningaviðræðum um breytingar á varnarsamningnum við Bandaríkjamenn. Þingmenn telja sanngjarnt að Íslendingar reki Keflavíkurflugvöll. Utanríkisráðherra segir að full alvara sé báðum megin borðsins.

STJÓRNMÁL Verulegar breytingar verða á starfsemi Landhelgisgæslunnar taki hún að sér ný leitar- og björgunarverkefni með nýjum varnarsamningi Bandaríkjamanna og Íslendinga.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að miða megi við að ný þyrla kosti að lágmarki einn og hálfan milljarð króna. Hann er staddur í Washington og kemur að viðræðum um endurnýjun varnarsamningsins við Bandaríkjamenn.

Stofnkostnaður vegna kaupa á nýrri flugvél, nýrri þyrlu og öðrum búnaði gæti numið allt að sjö milljörðum króna, en það er mat Landhelgisgæslunnar að sinna mætti auknum leitar- og björgunarverkefnum með tveimur flugvélum og þremur þyrlum.

„Ég fagna því mjög að Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, skuli hafa verið með ráðherra í för. Það fellur mjög vel að hugmyndum sem ég hef fjallað um opinberlega. Það skapar færi á að efla Landhelgisgæsluna og flytja höfuðstöðvar hennar til Suðurnesja,“ sagði Hjálmar Árnason, þingmaður Framsóknarflokksins, eftir fund í utanríkismálanefnd Alþingis í gær.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra gerði nefndinni grein fyrir viðræðum um varnarsamninginn sem hófust á ný fyrir helgina í Washington. Þegar þráðurinn hefur verið tekinn upp í viðræðunum á ný segir Geir að full alvara sé beggja megin borðsins að ljúka samningum sem fyrst.



BJÖRGUNARMÁÐUR Í ÞYRLUNNI TF LÍF Landhelgisgæslan telur sig geta sinnt auknum verkefnum með tveimur flugvélum og þremur þyrlum.

Geir átti meðal annars fund með Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjaþinga, og tveimur aðstoðarráðherrum í utanríkis- og varnarmálaráðuneyti Bandaríkjaþinga.

„Það er ljóst að það stefnir í að Íslendingar taki við því sem kalla má borgaralegan rekstur flugvallar og björgunarsveitar. Ég tel það mjög gott. Það er til marks um að menn horfast í augu við veruleikann sem fullvalda þjóð,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, eftir fundinn í nefndinni í gær.

„Það er engin sú hætta af áráð að hér þurfi að vera herþotur. Það

er reyndar mat Bandaríkjustjórnar,“ sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í utanríkismálanefnd. Sú krafa

stendur enn af hálfu stjórnvalda að hér verði staðsettar herþotur til loftvarna.

johannh@frettabladid.is / sjá síðu 18

HJÁLMAR ÁRNASON, FRAMSÓKNARFLOKKI Telur rakið að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar til Keflavíkur.

ÖGMUNDUR JÓNASSON, VINSTRI GRÆNUM Fagnar því að Íslendingar reki flugvöllinn en vill engar herþotur.




KÓLNAR EFTIR HELGINA Jæja, þá eru spárnar orðnar sammála um að það kolni hjá okkur á mánudaginn, einkum fyrir norðan. Ástæðan er lægð sem verður fyrir norðaustan land og dællir norðlægu áttum inn á landið. Horfur eru á smálægð vestur af okkur og því má búast við skúrum eða eljum, einkum vestan til. Í dag verður vindasamt sunnan og vestan til. HÖFUDBORGIN Í DAG Suðaustanstrekkningur en lægir með kvöldinu. Rigning í allan dag. Hiti 5-8 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun



* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



MODUS
VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

Eftir þínu höfði

Frumskýndur á laugardaginn

Opið frá kl. 12 til 16



...einn hring enn!
...sástu villidýrið?



Verð frá kr. 1.490.000
og eldsneytisnotkun í blönduðum akstri frá 4.1 ltr/100 km

Modus er stór smábíll eða smár risabíll, allt eftir sjónarhorninu. Hann er þó fyrst og fremst **nettur** og ótrúlega þéttur borgarbíll, sem býr yfir ógrynni möguleika. **Modus** er jafnframt fjölnotabíll og því með meira rými og fleiri möguleika en aðrir í sama stærðarflokki. Og ólíkt flestum bílum í þessum stærðarflokki er hann með **5 stjörnu öryggi**. Að öllu samanlögðu er **Modus** því bíll sem gefur stórum fjölskyldubílum ekkert eftir, nema hvað hann er liprari og hagkvæmari í rekstri.



Renault Megane II
Verð frá kr. 1.680.000
Bílasamningur kr. 17.778*



Renault Megane II Sport Tourer
Verð frá kr. 1.930.000
Bílasamningur kr. 20.423*



Renault Megane II Saloon
Verð frá kr. 1.880.000
Bílasamningur kr. 19.894



Renault Megane II Scenic
Verð frá kr. 2.130.000
Bílasamningur kr. 22.539*



Renault LAGUNA II Berline
Verð frá kr. 2.350.000
Bílasamningur kr. 24.867



Renault LAGUNA II Break
Verð frá kr. 2.470.000
Bílasamningur kr. 26.138



Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



Með bílinn handa þér

*Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendrar mynta. Bíll á mynd: Renault Modus Dynamic Lux útgáfa, verð kr. 1.990.000

Vaxtalaust

tilboð á öllum sófasettum



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **7.000** kr.
á mán. í 24 mánuði
Verð 168.000,-

Leðursófasett 3+1+1 3057



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **7.000** kr.
á mán. í 24 mánuði
Verð 168.000,-

Leðurhornsófi 2+h+2 3130

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **7.000** kr.
á mán. í 24 mánuði
Verð 168.000,-

Leðursófasett 3+1+1 Dany



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **7.000** kr.
á mán. í 24 mánuði
Verð 168.000,-

Leðursófasett 3+1+1 M6217



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **6.000** kr.
á mán. í 24 mánuði
Verð 144.000,-

Hornsófi 2+h+2 Bycast



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **8.500** kr.
á mán. í 24 mánuði
Verð 204.000,-

Bycast sófasett 3+1+1 Nice



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **7.000** kr.
á mán. í 24 mánuði
Verð 168.000,-

Leðursófasett 3+1+1 3178



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **6.500** kr.
á mán. í 24 mánuði
Verð 156.000,-

Púðahornsófi 2+h+2 Paris



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **7.499** kr.
á mán. í 10 mánuði
Verð nú 74.990,-
Verð áður 149.990,-

50% afsláttur

Leðursófasett 3+1+1 2039



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **7.499** kr.
á mán. í 10 mánuði
Verð nú 74.990,-
Verð áður 149.990,-

50% afsláttur

Leðursófasett 3+1+1 1980



Vaxtalaust tilboð!
aðeins **7.499** kr.
á mán. í 10 mánuði
Verð nú 74.990,-
Verð áður 149.990,-

50% afsláttur

Micro fiber sófasett 3+1+1 Chesterfield

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 12. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hver hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta?
- 2 Hver skoraði flest mörk fyrir íslenska landsliðið á EM í handbolta?
- 3 Hvað heitir þýska byggingavörverslunin sem hyggst hasla sér völl hérlendis?

SVÖR Á BLS. 58

Fundur Sunnlendinga og Norðlendinga um lagningu hálandisveggar:

Sameinast um veg yfir Kjöl

SAMGÖNGUR Hópur Sunnlendinga sem að undanförunu hefur safnað hlutafé vegna heilsársveggar sem fyrirhugað er að leggja frá Suðurlandi til Norðurlands yfir hálandið hefur gengið til liðs við Norðurveg og sameinast um að leggja veginn yfir Kjöl. Norðurvegur er félag sem stofnað var á Akureyri um lagningu vegarins. Þetta var niðurstaðan á fundi sem haldin var um málið á Hótel Selfossi í fyrradag.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði þar í ræðu sinni að ef ríkið ætti að sjá um framkvæmdina yrði það ekki gert næstu tólf til fimmtán árin. Hann hvatti hins vegar einkaaðila til



að leggja í hann og sagði að hann myndi leggja því framtaki lið eins og mögulegt væri.

Kjartan Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi, sagði að mikill áhugi væri fyrir verkefninu og væri fjöldi sveitarstjórnarmanna og forsjármanna fyrirtækja búnir að lýsa yfir vilja sínum um að koma að því með því að leggja til hlutafé. Fyrirhugað er að framkvæmdin verði svo greidd upp með vegatollum.

-jse

STURLA BÖÐVARSSON Samgönguráðherra sagði á fundinum í fyrradag að ríkið myndi ekki leggja heilsársveg yfir hálandið næstu tólf til fimmtán árin og hvatti til einkaframtaks í þeim efnum.

Breikkun Suðurlandsveggar:

Skorað á stjórnvöld

SAMGÖNGUMÁL Fjögurra akreina upplýstur vegur milli Reykjavíkur og Selfoss er forgangsverkefni sem ljúka verður við ekki seinna en árið 2010 samkvæmt tillögu til þingsályktunar sem fimm þingmenn hafa lagt fram á Alþingi.

Er þar skorað á ríkisstjórnina að flýta þeim samgöngubótum sem fyrirhugaðar eru á Suðurlandsvegi enda sýni tölur að umferð þyngist þar jafnt og þétt og er bent á tölur um aukningu frá Vegagerðinni því til staðfestingar. Sýna þær að umferð um veginn jókst um tíu prósent á síðasta ári einu saman til viðbótar við 80 prósentu aukningu frá árinu 1994.

NISSAN X-TRAIL ELEGANCE



SKIPT_ um væntingar



TILBOÐSVERÐ / SJÁLFSKIPTUR

2.790.000 kr.

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

17" álfelgur, lítað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, rafstýrð leðursæti, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:

- „Bestur“ – Fifth Gear
- „Best recreational 4x4“ – Auto Express
- „Best compact 4x4“ – What Car?
- „Best in class“ – Channel 4
- „Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Aukahlutapakki að verðmæti 120.000,-

Öllum Nissan X-TRAIL sem keyptir eru í febrúar fylgja vetrardekk og dráttarbeisli

Veðikortíð 2006 fylgir öllum 4x4 Nissan bílum



Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00



FÉLAGSFUNDUR Í GUSTI Fjölmennt var á félagsfundinum enda mikið í húfi þar sem rætt er um framtíðarsvæði fyrir félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Formaðurinn sagði af sér

Formaður hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi sagði af sér á áttakafundi félagsins í fyrrakvöld.

SKIPULAGSMÁL Hestamannafélagið Gustur í Kópavogi berst nú til þrautar fyrir tilveru sinni, segir Bjarnleifur Bjarnleifsson sem gegnir starfi formanns félagsins eftir að Þóra Ásgeirsdóttir sagði af sér formennsku eftir áttakafund í fyrrakvöld.

Stefnt hefur í tilvistarkreppu hjá Gusti eftir að verktakar hófu að kaupa hesthús á félagssvæðinu í stórum stíl. Þá gerir auglýst breyting á skipulagi ráð fyrir því að mjög verði þengt að reiðleiðum út úr hverfinu.

Tilfni félagsfundarins í fyrrakvöld var skýrsla framtíðarnefndar Gustar, sem sex manna hópur hafði unnið, og lögð var fram á fundinum. Fram kom tillaga um að þrjú félagsmenn, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Guðmundur Hagalínsson og Guðmundur Pálsson, yrðu skipaðir í viðurðunefnd við bæjaryfirvöld Kópavogs um framtíðarlausn fyrir félagið hvað staðsetningu varðar. Önnur tillaga kom frá stjórn þess efnis að hún myndi velja fulltrúa í viðurðunehópinn.

Sú tillaga var felld með miklum meirihluta. Í kjölfarið sagði formaðurinn af sér.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson var spurður að því hvað framundan væri í málefnum félagsins og sagði hann að nú þegar yrði farið fram á viðræður við bæjaryfirvöld í Kópavogi og aðra þá sem málið varðar.

„Það þarf meðal annars að athuga hvort möguleiki er á svæðinu á Kjóavöllum milli hesthúsabyggða Andvara og Heimsenda,“ sagði Sveinbjörn. „Það þarf að vinna hratt og ég trúi því að farsæl lausn finnist á þessu máli.“

Varðandi hagsmuni þeirra hesthúseigenda á Gustssvæðinu sem ekki hafa selt hús sín verktökum fyrir háar fjárhæðir, en horfa jafnvel fram á brottflutning, segir Bjarnleifur að þeir sem ekki hafi selt hafi tekið þá afstöðu að verja félagið sitt. Jákvað niðurstaða viðræðna við bæjaryfirvöld sé forsenda þess að hægt sé að taka næsta skref með tilliti til hagsmuna hesthúseigenda.

jss@frettabladid.is



16 stöðvar



ódyrt bensín

-3 kr.

frelsi

sæktu um á www.ob.is

gerir ódyrt ódyrara!

aukaafsláttur af lítranum með ÓB-frelsi



© ICELANDAIR / GASTGIFNINGSSTOFUNNUS / CE 1105E 012004

NÝR SUMARBÆKLINGUR ER KOMINN ÚT

Af því tilefni er opið í dag kl. 11.00 - 15.00 á söluskrifstofunni á Hótel Loftleiðum.

Léttar veitingar í boði.

Ferðahappdrætti - í vinning er flugferð fyrir tvo til Manchester.

Erlendir aðilar í ferðapjónustu eru með sérstaka kynningu: Wonderful Copenhagen, Lalandia Centeret, Visit Scotland, Capital Region USA, North Dakota Division of Tourism, Orlando CVB, Visit Florida og Mall of America.

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Ævintýrin bíða eftir þér í nýja sumarþeklingnum



ICELANDAIR 
www.icelandair.is



Í SKUGGA SKRIDÐREKA Írösk kona gengur fram hjá bandarískum skriðdreka á vettvangi bílsprengjutilræðis við bensinstöð í Bagdad í gær. Slík bílsprengjutilræði eru daglegt brauð í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Upp kemst um nýsnið innan grísku ríkisstjórnarinnar:

Farsímar ráðherra hleraðir

GRIKKLAND, AP Farsímar forsætisráðherra Grikklands, Kostas Karamanlis, og nokkurra ráðherra hans voru hleraðir í meira en ár, að sögn talsmanns grísku ríkisstjórnarinnar. Ekki er vitað hverjir stóðu á bak við hleranirnar, sem talið er að hafi byrjað áður en Ólympíuleikarnir voru haldnir í Aþenu. Starfsmáður símafyrirtækisins Vodafone uppgötvaði hleranirnar þegar hann vann við viðgerðir á kerfinu í mars á síðasta ári, og var þá lokað á þær. Allir símarnir voru frá Vodafone-símafyrirtækinu.

Talið er að farsímar um 100 stjórnmalamanna í tveimur



stærstu flokkum Grikklands hafi verið hleraðir með aðstoð hágæða tækni. Auk Karamanlis, voru símar ráðherra utanríkis-, varnar- og dómsmála hleraðir, auk yfirmanna hersins og lögreglu, sem og starfsmanna utanríkisráðuneytisins, starfsmanns bandaríska sendiráðsins og eiginkonu Karamanlis.

Gríska ríkisstjórnin telur að öryggi landsins hafi ekki verið stofnað í hættu. Málið er í rannsókn. - smk

SÍMINN HLERAÐUR Forsætisráðherra Grikklands, Kostas Karamanlis, talar í farsíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úttekt Alþýðusambandsins: Stórhækkun á raforkuverði

NEYTENDUR Í kjölfar breytinga sem orðið hafa á raforkulögum í áföngum síðustu þrjú árin hefur heildarkostnaður meðalheimilis á landinu vegna raforkunotkunar snarhækkað samkvæmt úttekt Alþýðusambands Íslands.

Kemur þar í ljós að kostnaður heimilis í þéttbýli hefur hækkað um 14 prósent og um 33 prósent í dreifbýli. Mest hefur hækkunin orðið hjá notendum á svæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli en hjá notendum á Suðurnesjum og í Hafnarfirði í þéttbýli. Að auki hefur fastagjald hækkað hjá öllum en mest hjá Orkubú Vestfjarða eða um 166 prósent. - aðe

Minnihlutastjórnin í Póllandi:

Samið við tvo jaðarflokka

PÓLLAND, AP Minnihlutastjórn Póllands náði á fimmtudag samkomulagi við tvo smáflokka á hægrijaðrinum um stuðning við stjórnina. Þar með tókst að tryggja stjórninni óformlegan meirihluta á þingi og þar með afstýra því að boðað yrði til kosninga á ný innan við hálfu ári eftir að þær síðustu fóru fram.

Leiðtogar íhaldsflokksins Laga og réttlætis, sem er í stjórn, sömdu um svonefndan „stöð-ugleikasáttmála“ við fulltrúa bændaflokksins Sjálfsvarnar (Samoobrona) og hægriöfgaflokksins Bandalags pólskra fjölskyldna, án þess að þessir flokkar fengju fulltrúa í ríkisstjórn. Minnihlutastjórnin hafði átt í mestu vandræðum með að koma mikilvægum frumvörpum í gegnum þingið en vonar nú að framgangi þeirra sé tryggð. ■

Sjálfstæðismenn og minnihlutinn í Skagafirði segja álver vega þyngra en ferðamannaíðnað:

Vilja að Alcoa velji Skagafjörðinn

BYGGDAMÁL Oddvitar Skagafjarðarlistans, framsóknarmanna og sjálfstæðismanna ítrekuðu á fundi með iðnaðarráðherra og forsvarsmönnum Alcoa í fyrra kvöld að þeir vilji sjá álver rísa í sveitarfélaginu Skagafirði.

Sjálfstæðismenn og Vinstri grænir leiða bæjarstjórnina og eru á öndverðum meiði. Oddvitar þeirra segja þó að málið skaði ekki bæjarstjórnarsamstarfið.

Í yfirlýsingu oddvítanna segir að þeir séu fulltrúar áttatíu prósent kjósenda í sveitarfélaginu. Þeir samþykki að taka þátt í staðarvalsathugunum á Norðurlandi fyrir nýtt álver Alcoa: „Miklir hagsmunir eru í húfi sem við teljum nauðsynlegt að fylgja eftir. Því erum við reiðubúnir að vinna áfram af fullum heilindum að verkefninu, verði Skagafjörður fyrir valinu, með hagsmuni

beggja að leiðarljósi.“

Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri og oddviti Vinstri grænna, segir yfirlýsinguna ekki hafa áhrif á meirihlutasamstarfið. Það geti breyst velji Alcoa Skagafjörð sem vænlegasta kostinn. „Það hefði gríðarleg áhrif á ferðamannaíðnað í Skagafirði yrði Jökulsárna virkjaðar. Bestu ár í Evrópu til flúðasiglinga yrðu eyðilagðar,“ segir Ársæll.

Gísli Gunnarsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í meirihlutasamstarfinu, segir að oddvitararnir hafi viljað koma áliti sínu á framfæri því haldið hafi verið fram að andstaðan væri mikil á svæðinu gegn virkjanafarmkvæmdum: „Hún er það ekki. Þeir sem eru á móti hafa haft hærra.“ Gunnar segir álver í Skagafirði margfalt arð-



bærara en ferðamannaíðnaður. Fólk í Skagafirði þurfi atvinnuöryggi.

Mánuður er í að forsvarsmenn Alcoa velji á milli Norður-Þingeyjarsýslu, Eyjafjarðar eða Skagafjarðar fyrir álver. ■

ÁRSÆLL GUÐMUNDSSON Sveitarstjórinn segir yfirlýsinguna ekki hafa áhrif á meirihlutasamstarfið.

Þjónustuver KB banka • 444 7000

Opnið í dag!

Nú veitum við viðskiptavinum okkar enn betri þjónustu. Þjónustuver KB banka er framvegis opið á laugardögum frá kl. 10-16. Opnunartími virka daga er sem fyrr frá kl. 8-19. Starfsfólk þjónustuversins annast alla almenna bankaþjónustu í síma 444 7000.

KB BANKI



Nýtt
Húsasmiðjublað
Stúfult af
frábærum tilboðum



Vegglampi
Cadis, ál
6000673

Ljós í myrkri



Rafhlöðuborvél **11.495**
Robust, höggborvél, 14,4 V
2 rafhlöður, taska fylgir
5245329



Loftljós
Batman/Spiderman/Galdrastelpur
6040840/35/37/40



Kastari **995**
Salina, silfur
6034391



Innimálning **3.490**
Jotun, 10 ltr. gljástig 3
7119854



Veggmálning
Jotun, 3 ltr.
7121230-35

Ljósadagar



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

10.000

VERÐLAUNAHAFAFAR



Actavis fær Íslensku þekkingarverðlaunin

Actavis hlaut í vikunni Íslensku þekkingarverðlaunin sem Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga veitir árlega. Verðlaunin fær fyrirtækið fyrir vandaða og árangursríka stefnumótun. Við þökkum þann heiður og þá viðurkenningu á starfi okkar sem í þessu felst.

Actavis byggir starf sitt á þekkingu og reynslu tíu þúsund starfsmanna í yfir þrjátíu löndum sem beita hæfileikum sínum til að tryggja viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu og greiðan aðgang að fjölbreyttu úrvali gæðalyfja.

Skýr framtíðarsýn og metnaðarfull markmið starfsmanna Actavis um allan heim hafa lagt grunninn að vexti og velgengni fyrirtækisins.

Þetta eru þeirra verðlaun.

 **actavis**
hagur í heilsu



Heiðar Helguson



Finnur Þór Vilhjálmsson



Ragnheiður Gröndal



Eiríkur Bergmann Einarsson



Birgir Dýrfjörð



Karl Th. Birgisson



Vígðis Hrefna Pálsdóttir



Hrannar Björn Arnarsson



Kristín Viggósdóttir



Eik Gísladóttir



Haraldur Finnsson



Arndís Anna Gunnarsdóttir



Jón Þór Sturluson



Birna Einarsdóttir



Elín Torfadóttir



Eva Bjarnadóttir



Jakob Frimann Magnússon



Guðný Aradóttir



Bergþór Ólafsson



Hjördís Alda Hreiðarsdóttir



Kristín Á. Ólafsdóttir



Regina Ósk Óskarsdóttir



Toshiki Toma



Snorri Sigurðsson



Ellert B. Schram



Alexía Björg Jóhannesdóttir



Gerður Jónsdóttir



Bryndís Ísfold Hlökkversdóttir




Magnús Orri Schram



Valgeir Örn Ragnarsson



Ingólfur Margeirsson



Þorsteinn Vilhjálmsson



Aðalsteinn Leifsson



Alma Geirdal



Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir



Sindri Freysson



Ágústa Kristófersdóttir



Valgerður Bjarnadóttir



Örn Úlfar Sævarsson



Lárus Ýmir Óskarsson



Ketill Berg Magnússon



Guðmundur Steingrímsson




Vanda Sigurgeirsdóttir



Þóra Egilsdóttir og Einar Steindórsson



Kristrún Heimisdóttir



Kjartan Örn Ólafsson



Unnur Sigtryggisdóttir



Jóhanna Katrín Magnúsdóttir



Héðinn Unnsteinsson



Haraldur Guðni Eiðsson



Arna Björk Jónsdóttir



Ýr Prastardóttir



Grétar H. Gunnarsson



Matthías Sigurðarson



Ægir Magnússon



Þórólfur Árnason



Hólmfríður Anna Baldursdóttir



Aron Njáll Þorfinnsson



Ágúst Bent Sigbertsson



Ásta Andrésdóttir



Hjalti Már Björnsson



Felix Bergsson



Andri Snær Magnason



Eggert Gislason



Magnús Már Guðmundsson



Þórir Hall



Þórarinn Pétursson




Helga Jónsdóttir



Hrafn Harðarson



María Gunnarsdóttir



Guðjón Ragnar Jónsson



Gunnar Bender



Gísli Geir Jónsson



Bryndís Schram



Sigurður Snorrason



Elín G. Ólafsdóttir



Halldór Jónasson



Salome R. Gunnarsdóttir



Ásgeir Friðgeirsson



Theodór Óskarsson



Kristján Guy Burgess



Elly Ármannsdóttir



Gísli Pálsson



Fannar Freyr Ívarsson



Þorbjörn Guðmundsson




Hrafn Stefánsson



Bryndís Torfadóttir

DAGUR ER OKKAR MAÐUR



Við styðjum Dag B. Eggertsson í fyrsta sætið í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Það er skoðun okkar að stefnumál Dags, árangur hans í borgarstjórn, framsýni hans og eljusemi auki sigurlíkur Samfylkingarinnar til muna í

kosningunum í vor.

Við skorum á þig að leggja nýjum og framsæknum stjórnsmálaviðhorfum lið í prófkjörinu næstu helgi og kjósa Dag B. Eggertsson í 1. sætið.

Stuðningsfólk

DAGUR1 SÆTI
Þessi auglýsing er greidd af stuðningsfólki.

DV Helgarblað



EUROVISION

EINVIÐIÐ MIKLA

Silvía Nótt Birgitta Haukdal



Hefur þú séð DV í dag?

MAÐUR VIKUNNAR

Stökkbreytist þegar leikurinn hefst

VIGGÓ SIGURÐSSON
LANDSLIÐSPJÁLFARI ÍSLANDS Í HANDBOLTA

Sumir elska hann. Sumir þola hann ekki. Aðrir elska að hata hann. Hvað sem það er, þá er varla annað hægt en að hafa skoðun á Viggó Sigurðssyni, þjálfara íslenska landsliðsins í handbolta sem farið hefur mikinn á Evrópumótinu í Sviss undanfarna daga og fangað athygli þjóðarinnar í tæpa tvo tíma á dag þann tíma. Viggó Sigurðsson er sjálfskipaður maður vikunnar, herforingi þess sem hann sjálfur kallar landslið á heimsmælikvarða.

Viggó hefur komið víða við á viðburðaríkri ævi sem brátt spannar 52 ár. Hann ólst upp í Laugarnesinu og stundaði helstu boltafróttirnar af krafti nánast frá því að hann fór að geta staðið í fæturna. Viggó stundaði nám í Réttarholtsskóla og síðar Verslunarskólanum, en þar sem íþróttir eru og munu ávallt vera líf hans og yndi kom ekki á óvart að hann skyldi fara í íþróttakennaraskólann á Laugarvatni eftir stúdentspróf. Þaðan útskrifaðist Viggó árið 1976 ásamt æskuástinni, Evu Þóreyju Haraldsdóttir. Þau giftust árið 1974 og eiga saman fjögur börn, stúlku og þrjá stráka.

Viggó stundaði handboltann af krafti samhliða námi og vinnu og þótti alltaf búa yfir einstökum hæfileikum í íþróttinni. Árið 1978 fékk hann tækifæri lífs síns þegar stórlíð Barcelona óskaði eftir kröftum hans. Svo fór að Viggó hélt til Spánar, fyrstur íslenskra handboltamanna, og spilaði með stórveldinu í tæpa tvö ár þar sem hann varð m.a. spænskur meistari með liðinu. Frá Barcelona fór Viggó til Leverkusen í Þýskalandi en árið 1982 lauk stuttum en annars viðburðaríkum atvinnumannaferli Viggós sem leikmanns.

Þegar heim var komið hélt Viggó áfram að spila með Víkingi en ekki leið á löngu þar til hann fór að þreifa fyrir sér í þjálfun, samhliða því að kenna í Melaskóla og vera í eigin rekstri. Þjálfun átti einstaklega vel við Viggó og á næstu árum stjórnaði hann m.a. Haukum, FH og Stjórnumni og náði jafnan góðum árangri með lið sín. Árið 1996 tók Viggó við þýska liðinu Wuppertal sem þá lék í 2. deildinni þar í landi, og tók hann með sér út efnilegustu

leikmenn landsins á þeim tíma, Dag Sigurðsson og Ólaf Stefánsson, og átti hann eftir að fá til sín fleiri íslenska leikmenn á næstu árum. Á fjórum árum náði Viggó eftirtektarverðum árangri með Wuppertal og gerði liðið að vel samkeppnishæfu úrvalsdeildarliði í Þýskalandi. Um aldamótin flutti hann heim til Íslands á ný, tók við liði Hauka og

þessi fljótfærni hefur átt það til að koma honum í koll. „En þannig er einfaldlega Viggó og mun allt af vera,“ bætti hann við. Viggó er mannglögur með eindæmum og spár mikið í fólki og eiginleikum þess. Hann hefur ódrepanði áhuga á því yfirsíkvitlega og á hann fjölda bóka sem geyma upplýsingar um þá framliðnu og aðra heima í okkar veröld.

Flestir sem rætt var við í vinnslu þessarar greinar eru sammála um að sú mynd sem jafnan birtist af Viggó í fjölmiðlum sé kolröng. Enginn efast þó um þá tilhneigingu Viggós að lifa sig inn í leikinn, á köflum einum of mikið, en utan vallar er hann hvers manns hugljúfi og rólyndismaður með afbrigðum. „Hann nánast stökkbreytist þegar dómarrinn flautar til leiks,“ hafði einn viðmælendanna á orði og eru aðrir honum sammála – Viggó fær sína alla sína útrás í handboltanum.

Hvers kyns íþróttir eru áhugamál Viggós númer eitt, tvö og þrjú. Hann er blóðheitur stuðningsmaður Manchester United og fylgist grannt með gangi mála á þeim bænum en fyrir um áratug sýktist hann af golfbakteríunni alræmdu sem hann þjáist enn af. Viggó er kominn með 12 í forgjöf og í „stöðugri framför“ að sögn kunnugra.

Í dag rekur Viggó eigið fyrirtæki, spilar handbolta og golf í frístundum með gömlu félögum í Víkingi og tekur síðan hinar reglubundnu tarnir með íslenska landsliðinu. En þrátt fyrir annemina hefur Viggó ávallt tíma til að sinna sínum nánustu og segja kunnugri að áberandi sé hversu mikil samstaða ríki innan fjölskyldunnar.

Viggó hefur gaman að því að sinna heimilinu, sinnir húsverkunum eins og sönnum heimilisföður sæmir og tekur tarnir í garðinum þegar þörf er á. Þannig liður honum best – í góðu yfirlæti í faðmi fjölskyldunnar. ■

Í dag rekur Viggó eigið fyrirtæki, spilar handbolta og golf í frístundum með gömlu félögum í Víkingi og tekur síðan hinar reglubundnu tarnir með íslenska landsliðinu. En þrátt fyrir annemina hefur Viggó ávallt tíma til að sinna sínum nánustu og segja kunnugri að áberandi sé hversu mikil samstaða ríki innan fjölskyldunnar.

Viggó hefur gaman að því að sinna heimilinu, sinnir húsverkunum eins og sönnum heimilisföður sæmir og tekur tarnir í garðinum þegar þörf er á. Þannig liður honum best – í góðu yfirlæti í faðmi fjölskyldunnar. ■



PAU VORU LÍKA Í FRÉTTUNUM

Valgerður H. Bjarnadóttir laut í lægra haldi fyrir Baldvin Sigurðssyni í forvali Vinstri grænna. Henni fannst Baldvin helst til blautur á bak við eyrun í flokksstarfinu og ætlar ekki að taka 2. sætið á lista flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Rúnar Rúnarsson hafði ástæðu til að skála í vikunni þegar hann frétti að stuttmyndin sín, Síðasti bærinn, væri tilnefnd til Óskarsverðlauna. Rúnar leitar nú að hentugum smóking til að mæta í á rauða dreglinum í Englaborginni.

Jón Kalman Stefánsson sýndi að hann er ekki minni ræðuskörungur en nóbelskaldið Harold Pinter og lét Bandaríkjastjórn fá það óþvegið í ræðu sem hann hélt á Bessastöðum þegar honum voru afhent Íslensku bókmenntaverðlaunin.





Njóttu þess besta frá Ellingsen-Evró - þar sem gæðin eiga heima



Fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagnar

Þú þarft ekki að leita annað þegar fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagnar eru annars vegar. Við bjóðum eitt mesta úrval landsins af slíkum ferðafélögum – allt vandaða gæðavöru frá þekktustu framleiðendum Evrópu.

Komdu og skoðu – og njóttu þess besta á ferð um landið í sumar.



OPIÐ UM HELGINA!
- laugardag kl. 11-16
- sunnudag kl. 12-15

ELLINGSEN

*** **EVRO**

Grandagarði 2, sími 580 8500

NÚ ER
ÞAÐ ÓDYRT!

Gullið tækifæri!

AF HVERJU AÐ BORGGA MEIRA?




Dekor Kastanie/800
VERÐ FRÁ KR.:
186.100,-



TILBOÐ:
15% AFSLÁTTUR
Á HORIZION/3000
Horizon/3000
VERÐ FRÁ KR.:
~~299.400,-~~
254.500,-



Soft Hvid/KF
VERÐ FRÁ KR.:
189.900,-



Classic Hvid/KL
VERÐ FRÁ KR.:
176.710,-



Eg Hvid-Dekor/900
VERÐ FRÁ KR.:
60.540,-



Dekor Hvid Bog/600
VERÐ FRÁ KR.:
68.736,-

Bjóðum úrval vandaðra og gullfallegra innréttinga í eldhúsið og baðherbergið ásamt fataskápum í svefnherbergi og geymslur á frábæru verði.

„Settu það saman“ er ósamsetta línan frá HTH. Enginn afgreiðslufrestur – Afhent beint af lager.* Kynntu þér málið – þú sérð ekki eftir því!



Horizon Hvid/3000
VERÐ FRÁ KR.:
86.436,-



Dekor Ramme Hvid Eg/2000
VERÐ FRÁ KR.:
59.330,-

AEG ELDHÚSPAKKINN

**40%
AFSLÁTTUR**

AEG 66030
stál helluborð
m/ snertitökkum



AIRFORCE F3
vegháfur úr stáli

**ALLUR PAKKINN
99.000,-**

AEG B3051-4M
veggofn úr stáli



*Enginn eða mjög stuttur afgreiðslufrestur. Sólumenn okkar veita allar nánari upplýsingar.

RÁDIONAUST
FURUVÖLLUM • AKUREYRI
HTH-deild • SÍMI 461-5003

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**

ORMSSON

SMÁRALIND • SÍMI 530-2900

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11-18 og sunnudaga frá 13-18.

▶ HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

ÚTSALA

ALLT AÐ 85% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRÐUM
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC GRUNDIG *DIBOSS* THOMSON Dantax PHILIPS UNITED

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL Infinity

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

MIKIÐ ÚRVAL AF HEIMABÍÓKERFUM FRÁ KR. 9.990 PHILIPS JVC UNITED

ALLRA SÍÐASTI ÚTSÖLUDAGUR

SÍÐASTI SÉNS

ALLRA SÍÐASTI ÚTSÖLUDAGUR

OPIÐ Í DAG KL. 10 -16



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS



KVATT VIÐ FERÐALOK Björk huggar Suci, starfskonu UNICEF í Banda Aceh. Suci, eins og svo margir aðrir íbúar Súmötru, missti nána ættingja í flóðbylgjunni á jóladag 2004. Björk dvaldi á svæðinu í tvo daga og kynnti sér uppbyggingarstarf UNICEF. Ágóði af sölu plötu sem Björk gaf út í maí hefur runnið til starfsemi UNICEF í Banda Aceh, alls 30 milljónir króna.

UNICEF/JOSH ESTEY

Kraftaverkin gerast enn

Björk Guðmundsdóttir er nýkomin af flóðasvæðunum á Súmötru í Indónesíu þar sem hún kynnti sér hjálparstarf Barnahjálpar Sam-einuðu þjóðanna, UNICEF. Í samtali við Björn Þór Sigbjörnsson segir Björk að upplifunin sé í raun ólýsanleg. Hún hafi séð hvernig kraftaverk geti orðið og líka hitt fólk sem aldrei mun jafna sig. Björk horfði á lítil börn dansa þann fegursta dans sem hún hefur séð.

Þó að reynslan af heimsókninni til Súmötru hvíli þungt á Björk er hún glaðleg í fasi þegar hún segir frá upplifun sinni. Það þarf sterk bein til að þola að sjá með eigin augum hrikalegar afleiðingar flóðbylgjunnar miklu sem skall á Indland og nærliggjandi ríki á öðrum degi jóla 2004. Björk efast reyndar um að rétt sé að tala um heimsóknina þegar svo skammt er liðið frá henni. „Ég ætti kannski að láta mánuð líða,“ segir hún.

Björk bjó sig undir ferðina til Banda Aceh, víðaði að sér ýmsum upplýsingum og las sig til. En allt kom fyrir ekki. „Það er aldrei hægt að undirbúa sig almennilega fyrir svona. Þetta er ólýsanlegt, tilfinningin er ótrúleg. Það er eins og 5.000 tonn séu sett á axlirnar á þér.“

Hún segir til dæmis frá golfvelli sem hún gekk fram hjá. „Honum hafði verið breytt í fjöldagröf og þar hvíla 45 þúsund manns. Steinsteypuhús höfðu verið mölud í hveitiduft og blandað saman við

bein og hold, sjó, bílflök, leikföng og guð má vita hvað. Bara lyktin, og það ári seinna.“

Hún nefnir líka allar byggingarnar sem hrundu, fjöll sem færðust úr stað og sjötíu metra löng skip sem þeyts höfðu sjö kílómetra inn í land. Og svo fólk. „Það eina sem ég get borið þetta saman við er að sjá ljósmyndir frá Auschwitz. Ég á eiginlega ekki önnur orð yfir það.“

Sólin tekni að skína

UNICEF hóf hjálparstarf í Aceh héraði svo að segja um leið og fregnir bárust af hörmungunum og vinnur áfram að uppbyggingastarfi. Björk kynnti sér þar starf og segir greinilegt að vel hafi tekist til. „Það var lögd áhersla á að byggja skóla því allir skólar tættust upp. Mér finnst það rökrétt því þar er dagskrá fyrir krakkana sem koma svo heim uppfullir af hugmyndum um leiki og annað og meðan hafa foreldrarir fengið tækifæri til að gera eitthvað annað.“ Hún lýsir myndum sem lítil börn, allt niður í fjögurra til fimm ára, höfðu teiknað en á þeim má sjá að það er að birta til. „Fyrsta hálfu árið teiknuðu börnin bara stórar vondar öldur, blóð og dáíð fólk. Sem er rosalegt af fjögurra ára börnum. Nokkrum mánuðum síðar var aldan orðin minni og komin sól á myndirnar. Starfið virðist því skila árangri.“

Hún segir líka ánægjulegt að blaði í gegnum skýrslur UNICEF þar sem sjá má að þremur mánuðum eftir flóðbylgjuna eru uppi áhyggjur af faraldri sem deytt gæti milljónir. Þremur mánuðum síðar er skrásett að líkast til hafi tekist að komast fyrir vandann. Öðrum þremur mánuðum síðar er svo staðfest að það hafi tekist. „Þannig hafa kraftaverkin gerst.“



MEÐ BÖRNUM Í BRÚÐULEIKHÚSI Björk heimsótti félagsmiðstöð barna þar sem þau læra um lífið og tilveruna með aðstoð brúðuleikhúss. Þegar Björk bar að garði var verið að kenna börnunum að allir eigi að vera vinir.

UNICEF/JOSH ESTEY

Vill fylgja sínu eftir

Um langt árabíl hefur fólk falast eftir liðsinni Bjarkar við góðgerðarstarf af ýmsu tagi. Hún hefur ekki sinnt slíkum erindum og haft sínar ástæður fyrir því. „Það fylgir starfinu mínu að fólk vill að ég taki þátt í allskonar góðgerðardóti og mér hefur alltaf fundist það skrítið því ég er svo vön því, gamli pönkarinn, í gegnum Smekkleysu og One little Indian, að vera fá og allir geri allt. Í gamla daga rótaði maður sjálfur og bjó til plakötin og límdi þau upp. Við sáum um allt og fengum því heildarmynd af því sem vorum að gera,“ segir Björk en viðurkennir reyndar að hún hafi ekki límt upp mörg plaköt síðustu ár. „Svo hafa komið upp skandalar í Englandi þar sem fólk, sem sagðist vera að vinna góðverk fyrir krabbameinsveik börn, lét eitt prósent peninganna í verkefnið og afgangurinn fór í kampavínveislur með frægu

fólki. Ég ákvað einhvern tíma að í stað þess að gera marga litla hluti myndi ég frekar gera eitthvað eitt stórt og fylgja því eftir. Alveg frá trýninu á skepnunni og út í hala. Eða alla vega reyna það.“

Hefur safnað 30 milljónum

Þegar flóðbylgjan skall á með sínum hrikalegu afleiðingum hugsaði Björk með sér að það væri nú eða ekki. „Ef einhvern tíma er tilefni þá er það núna, hugsaði ég.“ Leið Bjarkar til að leggja sitt af mörkum var tákna-ræn. Og vitaskuld kemur tónlistin hennar við sögu. „Í mörg mörg ár höfðu aðdáendur mínir sent mér þeirra eigin útgáfur af lögnum mínum, algjörlega óumbeðnir. Ég hugsaði því með mér að kannski væri hægt að búa til stíflu og nota flóðið af útgáfum laga minna. Beina þessari góðkynja skapandi bylgju gegn þessari neikvæðu flóðbylgju.“ Björk bað fólk um

að senda sér lög og á einni viku höfðu henni borist um 600 útgáfur af lögnum hennar. „Ég valdi úr og bjó til plötu og hringdi svo í UNICEF.“

Björk segist hafa valið að starfa með UNICEF því samtökin hafi sýnt mátt sinn og megin í verki.

30 milljónir króna hafa þegar safnast með sölu plötunnar og hún er enn að seljast. „Þetta hefur gengið vel og nú var mér boðið að sjá í hvað peningarnir hafa farið. Það er mjög fullnægjandi tilfinning því mér finnst ég hafa fylgt þessu vel eftir,“ segir Björk.

Grét úr sér augun

Björk hitti marga í þessari tveggja daga heimsókn til Banda Aceh, bæði fólk sem vinnur að uppbyggingu og ekki síður heimafólk. Hún segir það bera sig misjafnlega vel. „Ófgarnar voru miklar. Ég heyrði ótrúlegar kraftaverkasögur en svo kannski tveimur sekúndum seinna hitti ég einhvern sem mun aldrei bíða þessa bætur.“

Hún minnst konu sem hún hitti. Hún á fimm börn og elur að auki upp tvö börn systur sinnar sem lést í flóðbylgjunni. Konan býr með börnin í litlu tjaldi og vinnur fyrir sér með því að selja þurkaðan fisk. Hún minnst líka litlu barnanna sem dönsuðu fyrir hana. „Þau eru öll munaðarlaus og höfðu samið dansinn sinn sjálf. Þau voru öll í bleikum fötum og með blóm í hárinu. Þau dönsuðu þann fegursta dans sem ég hef séð og ég grét úr mér augun.“

Björk veit ekki hvort framhald verði á samstarfinu við UNICEF. Hún veit heldur ekki hvort áhrifa heimsóknarinnar til Súmötru muni gæta í tónlist hennar í framtíðinni. „Það eru bara fimm dagar síðan ég kom þaðan og það síðasta sem ég hugsa um er ég sjálf.“

ÁRANGUR UNICEF Í INDÓNESÍU TIL ÞESSA:

1. UNICEF hefur veitt meira en 90% barna á aldrinum 6 mánaða til 15 ára bólusetningu gegn mislingum. Auk þess hefur tæp hálf milljón barna fengið A-vítamín.
2. UNICEF hefur veitt um 200 þúsund konum og börnum net til varnar skordýrum og flugum.
3. 376.600 manns hafa fengið aðgang að hreinu vatni.
4. Næri 54.000 börn hafa fengið félagsráðgjöf eða tekið þátt í skipulögðum leikjum sem er hluti af áfallahjálpinni.
5. UNICEF kom upp fjölda skráningarmiðstöðva í Aceh-héraði sem var hluti af því að vernda þau börn sem fundust á lífi.
6. UNICEF hefur byggt 135 skóla og um 200 bráðabirgðaskóla. Takmarkið er að byggja 500 varanlega skóla fyrir börn í Indónesíu. 230.000 bókom og fleiri skólögögnum hefur verið dreift til 830.000 barna.

HVÆÐ ER UNICEF?

UNICEF er Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna eða United Nations Children's Fund. Forgangsvæðing UNICEF eru fimm: Að veita öllum börnum góða grunnmenntun, að veita yngstu börnunum góða byrjun í lífinu, að veita öllum börnum lífsnauðsynlegar bóluþættingar, vítamín og bætiefni, að fyrirbyggja HIV-smit, veita umönnun til smit aðra og sjá til þess að börnum sem misst hafa foreldra sína vegna alnæmis sé veittur stuðningur og umönnun og að búa börnum öruggt umhverfi.

UNICEF eru stærstu barnahjálparstærktök í heimi og sem slík leggja þau áherslu á að ná til allra barna.

UNICEF eru leiðandi í bóluþættingum og talið er að samtökin bjargi lífi tveggja og hálftrar milljónar barna um allan heim á hverju ári með bóluþættingum.

UNICEF sinnir bæði langtíma þróunarverkefnum og neyðaraðstoð.

UNICEF er sjálfstæð stofnun innan Sameinuðu þjóðanna.

UNICEF treystir eingöngu á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og ríkisstjórna.

UNICEF vinnur með stjórnvöldum, frjálsum félagasamtökum og fleiri aðilum í hverju landi fyrir sig.

Fjármunum UNICEF er ráðstafað eftir því hvar þörfin er mest hverju sinni. Þegar þörf er metin er meðal annars tekið tillit til tíðni ungbarnadauða og þjóðartekna í tilteknu landi en einnig er lítið til hversu mörg börn eru vannærð, hversu mörg börn þurfa á bóluþættingum að halda, hve mörg börn eru munaðarlaus vegna HIV/alnæmis og hve stór hluti íbúanna hefur ekki aðgang að hreinu vatni.

Heildarútgjöld UNICEF árið 2003 voru 108 milljarðar íslenskra króna. Af þeim fóru 93% beint í verkefni fyrir börn í þróunarlöndum. Barnahjálpin er stolt af því að aðeins 7% fjármagnsins fór í skrifstofukostnað og stjórnsýslu sem talin er nauðsynleg til að tryggja yfirsýn með verkefnum, opið bókhald og aukna fjáröflun.

Mestur hluti fjárframlaga kemur frá stjórnvöldum um allan heim. Bandaríkin, Bretland og Noregur gefa mest í krónum talið samkvæmt tölum frá árinu 2003. Ef miðað er við höfðatölu gefa Noregur, Svíþjóð og Lúxemborg mest samkvæmt tölum frá árinu 2003.

Árið 2004 bættist UNICEF Ísland í hóp 36 landsnefnda sem voru starfandi á vegum UNICEF, en þær sjá um fjáröflun og fræðslu um réttindi barna.

Tekið af vef UNICEF á Íslandi, unicef.is.

UNICEF Á ÍSLANDI

Stjórn:

Einar Benediktsson, formaður
Þóra Guðmundsdóttir, varaformaður
Matthías Johannessen
Björgólfur Guðmundsson
Sigrún Stefánsdóttir
Þórunn Sigurðardóttir
Eva María Jónsdóttir
Ingibjörg Kristjánsdóttir
Július Vífill Ingvarsson

Starfsfólk:

Stefán Ingi Stefánsson framkvæmdastjóri
Hólmfríður Anna Baldursdóttir upplýsinga-
fulltrúi
Ólöf Magnúsdóttir verkefnastjóri
Sniólaua Aðalgeirsdóttir verkefnastjóri



EINAR BENEDIKTSSON formaður UNICEF á Íslandi



STEFÁN INGI STEFÁNSSON framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

BANDA ACEH

Banda Aceh er höfuðborg Aceh-héraðsins í norðurhluta Súmöturu í Indónesíu. Þar bjuggu samkvæmt alfræðivefrítinu Wikipedia 225 þúsund fyrir flóðbylgjuna. Talið er að um 175 þúsund hafi látið á svæðinu. Tölur eru þó á reiki.

Leupung er bær nálægt Banda Aceh. Þar bjuggu tíu þúsund manns. Talið er að 200 til 700 hafi lifað flóðbylgjuna af.

Bærinn Calang, í Aceh Jaya, hvarf með flóðbylgjunni. Þar bjuggu tólf þúsund manns og er talið að 3.400, um þriðjungur íbúa, hafi lifað hana af.

Gleebruk var litill bær nálægt Banda Aceh sem hvarf af yfirborði jarðar við flóðbylgjuna.

Teunom er í vesturhluta Aceh-héraðs. Þar bjuggu átján þúsund manns. Opinberar tölur segja að átta þúsund hafi látið.

Meulaboh er 150 kílómetrum frá upptökum skjálftans og flóðbylgjan sem reið yfir landið var þriggja metra há. Í Meulaboh bjuggu 120 þúsund manns. Um fjórtíu þúsund létust.

Heimild: Wikipedia



HARRY BELAFONTE



MIA FARROW



WHOOPI GOLDBERG



ROGER MOORE



DAVID BECKHAM



SUSAN SARANDON

Fyrir UNICEF starfa velgjörðarsendiherra:

Stjörnumnar hjálpa börnum í neyð

Heimsþekkt fólk úr heimi lista og íþrótta leggur UNICEF lið í að tryggja börnum heilsuvernd, menntun, jafnrétti og umhyggju. Slíkt fólk kallast velgjörðarsendiherrar og

ferðast um heiminn í nafni UNICEF til að vekja athygli á Barnahjálpinni eða einstökum verkefnum.

Tveir velgjörðarsendiherrar hafa heimsótt Ísland á undanförn-

um misserum; Harry Belafonte og Roger Moore. Báðir veittu íslenskum fjölmiðlum viðtöl um störf sín fyrir Barnahjálpinna.

Meðal annarra velgjörðarsendi-

herra má nefna Miu Farrow, Whoopi Goldberg, Jessicu Lange, Vanessu Redgrave, Susan Sarandon, Jackie Chan, Danny Glover og David Beckham, ■

Jens Sigurðsson í 3. sæti

ungur og öflugur í forystusveit

Breyttar áherslur í:

Skóla- og dagvistunarmálum

- fjölga leikskólaplássum
- bæta stórlega kjör starfsfólks leikskólanna
- byggja nýjan framhaldsskóla og fylga nemum við MK
- heitar máltíðir í alla grunnskóla
- auka möguleika á menntun samhliða vinnu

Þjónustu við bæjarbúa

- stórefla þjónustu við aldraða
- ljúka byggingu ungmennahúss
- færa þjónustu bæjarfélagsins nær íbúunum m.a. með betri heimasíðu og hverfa- og þjónustumiðstöðvum.
- stækka og efla bókasafn bæjarins

Skipulagsmálum

- huga að heildstæðu skipulagi fyrir bæjarfélagið
- fjölga og styrkja græn svæði s.s. Fossvogsdal



www.jenssigurdsson.com

Tryggjum formanni Ungra jafnaðarmanna í Kópavogi brautargengi í prófkjöri Samfylkingarinnar í Kópavogi Í DAG!
Látum rödd nýrrar kynslóðar heyrast

Kosið er í dag laugardaginn 4. febrúar í Hamraborg 11 - 3. hæð - frá 10.00 til 20.00. Ég hvet alla til að koma og kjósa nýja framvarðasveit jafnaðarmanna í Kópavogi! Hægt er að skrá sig í Samfylkinguna á kjörstað.



BYKO BLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!

Nú er rétti tíminn til framkvæmda. Ótrúlegt verð á málningu, verkfærum, ljósum, gólfefnum, hlífðarfatnaði og svo mörgu fleiru. Gerðu hagstæðari kaup!

Vnr. 86159040-340

Gólfلاك

SAFÍR gólfلاك, allir litir, 4 ltr.

5.990
~~8.459~~



GÆÐA MÁLNING

á lægra verði!

3.490

~~4.738~~

27%
afsláttur
af KÓPAL glitru!

MÁLAÐU MEIRA!

**VERÐ
VERND**

BYKO

4 ltr.

Vnr. 86620040-3737

Innimálning

KÓPAL glitra innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 ltr.

10 ltr.

3.990

~~4.950~~

Vnr. 89000182

Loftamálning

SADOLIN loftamálning, gljástig 3, hvítt, 10 ltr.

**FRÁBÆRT
VERÐ!**

Sadolin

Sadolin

Vnr. 89180325-3325

Gólfلاك

SADOLIN gólfلاك, 2,5 ltr. Frábært gólfلاك fyrir bílskúrgólf.

2.590
~~4.490~~



Sadolin

Vnr. 89091010

Málning

SADOLIN SUN, silfur/gull. Vatnsþynnanleg, áferðar- og fönðurmálning. Sérlega hentug á frauð skrautlista, 1 ltr.

990
~~1.637~~



FRÁBÆRT VERÐ!

Vnr. 84100160

Málningarbakki og rúlla **490**
~~814~~
Málningarbakki og rúlla, 25 cm.



Vnr. 89010170

Innimálning

SADOLIN innimálning, gljástig 10, allir litir, 7 ltr.

7 ltr.

3.990

~~6.890~~

FRÁBÆRT VERÐ!

Sadolin

Fá op til

40%

EKSTRA

HVID/WO

7L ± 56m²

mat - matt
vægmalning
veggmalning
väggfärg

slidstærk til stuer og værelser
tåligt och sovnium - lätt avtorkningsbar

40%
afsláttur

Sadolin

- LYKTARLAUS
- PEKUR VEL
- ÞVOTTHELDIN
- ÝRIST LÍTIÐ
- GÆÐAPRÓFUÐ



Vnr. 68210490

Plastdúkur
LUX plastdúkur
4x5 m.

290



Vnr. 50170183

Áltrappa

Áltrappa, 3 þrep,
vinnuhæð 2,6 m.

2.390
~~3.485~~



BYGGIR MEÐ ÞÉR

Baráttan um náttúrufríðlandið

Mikil átök hafa staðið innan öldungadeildar Bandaríkjaþings vegna fyrirhugaðrar olíuvinnslu á friðlýstu náttúruverndarsvæði í Alaska. Þingið ákvað með naumum meirihluta í nóvember að heimila vinnsluna, en skömmu síðar var sú ákvörðun felld. *Sigrún María Kristinsdóttir* lítur nánar á málið.

Náttúruverndarsinnar fögnuðu í desember þegar öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkti ekki fjárveitingu til olíuvinnslu á svonefndu Norðurskaufriðlandi í norð-austurhluta Alaska, og þar með var hún ekki heimilud, að minnsta kosti ekki í bili.

Baráttan um friðlandið hefur staðið lengi og hefur George W. Bush Bandaríkjaforseti verið harður baráttumaður fyrir opnun svæðisins fyrir olíuvinnslu, en það hefur verið friðlýst í 46 ár. Hefjast vinnslan, verður olían eingöngu seld á innanlandsmarkaði.

Um 75 prósent Alaskabúa styðja olíuvinnsluna, þar með taldir inúítar sem búa á svæðinu, en indjánaþjóðflokkar Alaska og Kanada eru mótfallnir henni.

Rannsóknir hafa sýnt að töluvert af olíu er undir sifreranum þó vísindamönnum beri ekki saman um hve mikið magnið er og rokka getgáturarnar allt frá því sem samsvarar olíuneyslu Bandaríkjamanna í örfáa mánuði og upp í marga áratugi. Vistkerfi svæðisins eru hins vegar viðkvæm fyrir slíkrri vinnslu en á svæðinu eru heimkynni hjartardýra, ísbjarna og sauðnauta, auk tugþúsunda fugla af ýmsum tegundum.

Áhættan

Fólki ber alls ekki saman um hættuna sem stafar af olíuvinnslu í friðlandinu, samkvæmt netmiðli ríkisútvarps Kanadamanna, CBC. Málið hefur vakið mikla athygli þar í landi því kanadískur indjánaþjóðflokkur, Vuntut Gwitchin fólkið, lifir að mestu leyti á hreindýrakjöti sem það fær úr hreindýrahjörð friðlandsins. Dýrin bera í Alaska, en dvelja annars mesta hluta ársins í Kanada.

Hreindýr eru afar viðkvæm fyrir truflunum og því getur borun á svæðinu haft úrslitaáhrif um framtíð hjartardýrnar. Í henni

eru nú um 123.000 dýr samkvæmt veiðimálastjórn Bandaríkja (US Fish and Wildlife Service), en rannsókn sem Bandaríkjaþingi lét gera á dýrunum segir að þó hjörðin virðist vel sett, þá myndi henni farnast mun verr ef hún yrði neydd úr heimahögum sínum og yfir í lakari haga. Gwitchin indjánarnir óttast að olíuvinnslan geti í versta falli útrýmt hjörðinni, því hún er fyrirhuguð á sléttunni þar sem kynnur bera.

Hins vegar segjast olíufyrirtækin geta borað eftir olíu á umhverfisvænan hátt og valdið minni breytingum í náttúrunni heldur en nokkurn tímann áður, og segjast talsmenn þeirra hafa fjölda sannana fyrir því að olíuvinnsla skaði ekki hreindýr. Inúítarnir sem búa á svæðinu, sem og flestir Alaskabúar, segjast trúa talsmönnum fyrirtækjanna.

Jafnframt eru skiptar skoðanir meðal Kanadabúa um olíuleiðslu sem væntanlega verða lagðar þvert gegnum vesturhluta Kanada til að flytja olíuna frá Alaska til annarra fylkja Bandaríkja. Sumir óttast umhverfisspjöll og það að Bandaríkjaþingi muni hvorki sýna fólki né náttúru Kanada tilhlýðilega virðingu, en aðrir sjá hag í vinnunni sem myndi skapast við lagningu og viðhaldi leiðslunnar.

Hversu mikil olía?

Bandaríkin hluga olíuborun á sléttunni miklu þar sem hreindýrakynnur bera, en hvergi annars staðar innan Norðurskaufriðlandsins.

Flestum ber saman um að ómögulegt sé að meta magn olíunnar áður en vinnsla hefst, en mikið skilur á milli í getgátum hinna ýmsu hagsmunaaðila. Fyrirtækin sem sjá hag sinn í olíuvinnslunni telja að dæla megi upp 16 milljörðum fata úr lindunum þar, en það magn dygði Banda-



MÓTMÆLI Hundruðir mótmælenda söfnuðust saman í Washington DC í september til að mótmæla fyrirhugaðri olíuvinnslu á friðlýstu náttúruverndarsvæði í Alaska.

ríkjamönnum í 30 ár og þyrfti þá ekki að flytja inn olíu frá Mið-austurlöndunum á meðan, eins og Bush ítrekar. Aðrir, þar með taldir jarðfræðingar Bandaríkjaþingar, telja að magnið sé mun minna og jafnframt að hagfræðilega séð borgi sig ekki að vinna nema tæpa tvo milljarða fata.

Ferlið fyrir þingi

Öldungadeildarþingmaður Alaska, repúblikaninn Ted Stevens, hefur barist fyrir opnun svæðisins síðan hann var fyrst kosinn á þing fyrir aldarfjörðungi.

Árið 1995 samþykkti Bandaríkjaþingi olíuvinnslu á sléttunni, en Bill Clinton, þáverandi forseti, setti sig á móti henni. Síðan þá hafa demókratar ítrekað stöðvað með málþófi tilraunir repúblikana til að opna fyrir hana.

En öldungadeildin bannar málþófi þegar kemur að fjárlagafrumvörpum, og í nóvember í fyrra var olíuvinnslan naumlega samþykkt innan fjárlagafrumvarps. Afar mjótt var á mununum, 51 þingmaður var því fylgjandi að heimila útboð á olíuvinnsluleyfum á Norðurskaufriðlandinu en 48 voru því andvígir.

Bush varð kampakatur þegar honum voru færð þau tíðindi í nóvember að búið væri að heimila útboðin. „Með því að auka framleiðslu okkar getum við lækkað verð á olíu umtalsvert,“ sagði hann og bætti við að hann væri þess fullviss að vinna mætti olíuna á umhverfisvænan hátt.

Aftur á móti sagði Maria Cantwell, öldungadeildarþingmaður demókrata, ákvörðunina vera gagnslausa brellu. „Að nota klækjabrogð til að eyðileggja síðasta ósnortna víðerni Bandaríkjaþinga mun hvorki leysa orkuvanda þjóðarinnar né lækka olíuverð,“ sagði hún, enda neyddu hófsamari repúblikanar þingið til þess að hætta við útboðin.

Í desember reyndi Stevens aftur að finna fjárveitingar fyrir vinnsluna, og sigldi þá málið í strand enn á ný.

Stevens reyndi að koma olíuvinnslunni inn með fjárlagafrumvarpi fyrir herinn, og voru margir flokksmenn hans argir yfir því að hann skyldi blanda olíuvinnslunni inn í málefni hersins og sökuðu hann um að halda fjárlagafrumvarpinu í gíslingu. Repúblikana vantaði svo fjögur atkvæði til að ná þeim 60 prósent meirihluta sem nauðsynlegur var til að samþykka

bæði frumvarpið og olíuvinnsluna.

Atkvæðagreiðslan batt því enda á umræður um olíuvinnslu í Norðurskaufriðlandinu – í bili.

Engin lausn í sjónmáli

Þó búið sé að stöðva vinnsluna enn á ný, er engin lausn í sjónmáli því næsta öruggt er að Stevens og stuðningsmenn hans muni reyna aftur að ná fram fjárlögum til olíuvinnslunnar á næstu mánuðum.

„Svo lengi sem repúblikanar eru í meirihluta og svo lengi sem

George Bush er forseti, þá mun þetta mál ekkert hverfa,“ sagði höfðingi Vuntut Gwitchin indjánanna, Joe Linklater, í viðtali við CBC í lok desember.

Stevens, hins vegar, sagðist vonast til þess að veturinn yrði kaldur, svo þingmennirnir sem settu sig gegn olíuvinnslunni í fjárlagafrumvarpi hersins lærðu sína lexíu. „Ég vonast eftir afar köldum vetri,“ sagði hann í samtali við blaðamenn, „svo þetta fólk þurfi að biðja um meira eldsneyti.“ ■



FRÍDLÝST NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI Fegurðin er ólýsanleg í náttúrufríðlandinu, þar sem repúblikanar innan Bandaríkjaþinga hafa reynt í 25 ár að hefja olíuborun.

NORDICPHOTOS/AFP

Norðurskaufriðlandið:

Síðasta ósnortna víðerni Bandaríkjaþinga

Norðurskaufriðlandið (Arctic National Wildlife Refuge) nær yfir 77.000 ferkílómetra lands í norðausturhluta Alaska við landamæri Kanada.

Náttúruverndarsinnar hafa lýst friðlandinu sem síðasta ósnortna víðerni Bandaríkjaþinga. Árið 1960 friðaði Dwight Eisenhower, þáverandi Bandaríkjaforseti, landið sem allt liggur norðan heimskautsbaugs.

Hér eru hreindýr, sauðnaut, elgir, úlfar, ísbirnir, svartbirnir og grábirnir, og um 180 tegundir farfugla. Hreindýrin eru öll í sömu hjörðinni og ferðast árlega hundruð kílómetra milli vetrarstöðva sinna í Kanada og yfir til 7.000 ferkílómetra sléttu í Norðurskaufriðlandinu, þar sem kynnur bera.

Um 220 inúítar búa í Kaktovik þorpinu á Barter-ejyu, sem telst til friðlandsins. Þessu fólki er enn leyft að veiða hvali, sem annars er bannað innan Bandaríkjaþinga, og veiðir það þrjá grænlands-sléttbaka á ári.

Um 150 Gwitchin-indjána búa í þorpi um 240 kílómetrum sunnan við Kaktovik og lifa að mestu leyti af hreindýrunum. Jafnframt eru um 300 Gwitchin-indjána í Norður-Kanada sem einnig lifa á hjörðinni.



STÖRKOSTLEG VERÐLAUNAMYND UM ÆVI JOHNNY CASH
FRUMSÝND 3. FEBRÚAR

TILNEFND TIL 5
ÓSKARSVERÐLAUNA
M.A. BESTI LEIKARI
OG BESTA LEIKKONA.

VANN
GOLDEN GLOBE SEM
BESTA MYND ÁRSINS,
BESTI LEIKARI OG
BESTA LEIKKONA.

walk the line

VIÐ BJÓÐUM Í BÍÓ!
SENDU SMS SKEYTID JA FJC Á
NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO.
9. HVER VINNUR.

VINNINGAR ERU:
BÍÓMIÐAR FYRIR TVO, GEISSLADISKAR,
WALK THE LINE BOLIR, DVD MYNDIR
OG MARGT FLEIRA

Borgunarbíó
SMÁRA BÍÓ
REGNBÓGINN
Landsbankinn

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

ÁSBJÖRN ÓLAFSSON EHF.

VEGNA FLUTNINGA:

ALLSHERJAR

FELLSMÚLA 28 (GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

Ótrúlegt úrval af heimilisvörum á ævintýranlegu verði!

Búsáhöld, matvörur, gjafavörur, sælgæti, matarstell, eldhúsahöld, pottar, hnífapör, glös, stígvél, leikföng og margt fleira!

Enn meiri verðlækkun!

50% aukaafsláttur af völdum búsáhöldum
50% aukaafsláttur af öllum matvörum

NAMMIDAGAR!

Laugardagar og sunnudagar eru nammidagar hjá okkur...öll börn fá gefins nammi um helgar.

LUKKUHJÓLIÐ

Allir sem versla fyrir meira en 10.000 krónur fá að snúa lukkuhjólinu og geta unnið glæsilega vinninga - Engin núll!

Opið alla daga frá 11-19



SKÚFFUSKÁLDIÐ } JÓN KRISTJÁNSSON



JÓN KRISTJÁNSSON SKÚFFUSKÁLD Aðgát skal höfð í nærveru Jóns því hann ljóðar á menn af öllum stéttum og úr öllum flokkum þyki honum ástæða til.

Yrkir meðan á fundahaldi stendur

Á Alþingi leynast menn með margvísleg hugðarefni og hæfileika. Ekki er þá ónýtt ef menn geta notað tímann á leiðinlegum fundum til að skerpa þessa hæfileika sína. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hefur löngum verið hagnæmtur og hafa fáir farið varhluta af því, en hann á það til að slá um sig í bundnu máli í þingveislum. Það er því ekki úr vegi að lesendur Fréttablaðsins fái að kynna þessari hlið á Jóni en hann var fús til að opna ljóðaskúffuna þegar hann var inntur eftir því en þar kennir ýmissa grasa.

„Ég byrjaði að setja saman vísur á löngum fundum þegar mér leiddist en það kemur fyrir,“ segir skúffuskáldið. „Sömuleiðis hefur það örvasandi áhrif ef einhver er að fást við þetta í kringum mig, hvað þá ef ljóðað er á mann. Þá getur verið nauðsynlegt að svara fyrir sig. Margt af þessu er leirburður sem má gleymast. Ég hef stundum sagt að góða og vel gerða vísu læri maður ef hlustað er á hana einu sinni og slíkar vísur lifa á vörum fólksins óskrifðar. Ég hef því miður ekki gert slíkar vísur.“

Þegar ég les ljóð opna ég oftast Stein Steinarr og Hannes Pétursson. Hannes er djúpur og svo finn ég samhljóm þegar hann er að lýsa heimahögum okkar beggja í Skagafirði. Steinn er líka djúpur og svo er hann mjög skemmtileg-

ur. Ég get vissulega nefnt fleiri skáld eins og Jón úr Vör og þá sérstaklega bókina hans Þorpið en ég opna hana oft.“

Það er greinilegt að oft þarf ekki langan fund til að skúffuskáldið taki völdin af ráðherranum. Eflaust er rétt að sýna aðgát í nærveru hans því hann á það til að ljóða á menn ef þeir koma honum spaugilega fyrir sjónir, líkt og eftirfarandi dæmi sannar.

„Ég mætti Hjálmarí Jónssyni dómkirkjupresti úti í Vonarstræti þegar hann hafði yfirgefið þingid og fært sig um set í dómkirkjunu. Hann var með hempuna á handleggnum og prestakragann í hendinni á leið til skyldustarfa. Ég stóðst ekki mátið að senda honum eftirfarandi:

*Ég gekk fram á hann í grenndinni,
með geislabauginn í hendinni.
Í ágætu stuði
sem var ættað frá guði
og hempuna hangandi á lendinni.“*

Svo virðist sem engum sé óhætt þegar sá gállinn er á ráðherranum. Ekki einu sinni flokksbræður hans. „Guðni Ágústsson birtist eitt sinn með flösku af öli sem hafði verið framleitt uppi í Ölgerð með áprentuðum miða með mynd af honum og nafn ölsins var Guðni sterki. Þetta varð tilefni eftirfarandi vísu:

*Andagiftin okkar vex
með einni flösku af Guðna sterka.
Ölið finnst mér segja sex,
sérstaklega fljótt að verka.“*

Það er ýmislegt á þingmenn og ráðherra lagt. Ekki er nóg með það að þeir þurfi oft að sitja undir löngum ræðum og fundaprasi heldur geta aðrir þingmenn verið helst til langorðir jafnvel á góðri stund.

Þetta virðist virka, líkt og löngu fundirnir, hvetjandi á skáldið í Jóni.

„Þegar Ólafur G. Einarsson yfirgaf Alþingi eftir langa þjónustu ásamt Ragnari Arnalds hittust þingmenn í Ráðherrabústaðnum að loknum síðasta þingfundi til að kveðjast og við það tækifæri rifjuðu þessir ágætu þingmenn upp með hverjum þeir hefðu verið á þingi. Fannst mér sú upptalning ansi löng og efni í vísu sem var svona:

*Ólaf og Ragnar þá vildarvini,
vísu um þá ég set á blað.
Misstu af Jóni Sigurðssyni
en sárafáum eftir það.“*

Við svo kveðið lokar Jón ljóðaskúffunum því nú þarf hann að fara á fund.

Hver veit nema lítill bragur verði þá til hjá ráðherranum ef fundurinn verður nógu langur og leiðinlegur.



Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum

Áreiðanleiki og lúxus

kr. 2.320.000



Bíll á mynd: Hyundai SONATA LUX, 2,4 160 hö., s.t.k., verð 2.780.000








TOYOTA RAV4
Nýr og betrubættur Rav4 var prófaður í Portúgal af blaðamanni Fréttablaðsins.
BÍLAR 2



MARIMEKKO
Verslunin með vörurnar frá Marimekko er flutt á Laugavegin. Íslendingar hafa tekið finnsku gæðahönnuninni opnum örmum.
TÍSKA 7

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

TÍSKA, BÍLAR OG FERÐIR

Asísk tíska er áberandi í tískuheiminum í kjölfar kvikmynda á borð við Minningar geishu og 2046. Kínaskór og kimonó eru eitthvað sem allir sem vilja fylgja tiskunni ættu að eignast sem fyrst.



Smyril Line býður þeim sem bóka ferðir með Norrænu og greiða staðfestingargjald fyrir 15. mars 10% afslátt af samarferðum. Takmarkað framboð er á afsláttarklefum svo það borgar sig að kynna sér málið sem fyrst.

Metsala var á Lexus í janúar. Samkvæmt upplýsingum umboðsins seldust sextán Lexus bílar í janúar sem er metsala á þeim bílum í janúar mánuði. Hingað til hefur janúar ekki verið þekktur fyrir að vera mikill bílasölu mánuður, og allra síst í sölu lúxusbíla. Íslendingar halda því áfram að kaupa bíla sem aldrei fyrr.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn
4. febrúar, 35. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík	9.59	13.42	17.25
Akureyri	9.55	13.26	16.59

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Jósef Kristjánsson, betur þekktur sem Jobbi, hefur verið í bónbransanum síðan árið 1982.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki nógu duglegur að þrifa bílinn

Jósef Kristjánsson, eða hinn eini sanni Jobbi á bónstöð Jobba, á forlátan Mercedes Benz, árgerð 1990. Að hans sögn er bíllinn hans ekki þriffin nógu oft.

Jobbi fékk bílinn fyrir fimm árum og er afar ánægður með hann. Jobbi segist hins vegar ekki hafa átt marga bíla í gegnum tíðina. Á undan núverandi bíl átti Jobbi annan Benz, árgerð 1982. Þar á undan hefur hann meðal annars átt Fiat, Suzuki, Vauxhall og fleiri góða bíla.

Helstu kostir bílsins telur Jobbi að séu aflíð og aldri. „Þetta er lipur bíll og þó að hann sé orðinn gamall þá er hann ekkert að bíla,“ útskýrir Jobbi, en hann dreymir um að fá sér í framtíðinni nýja Suzuki Grand Vitara jeppann. „Það er draumur en hvenær ég fæ mér einn slíkan fer eftir fjárhagnum.“

Spurður um það hvort bíllinn fái ekki

oft að fara í gegnum smá hreingerningu á bónstöðinni fer Jobbi einfaldlega að hlæja. „Hvernig er heima hjá rafvirkjanum eða heima hjá píparanum? En nei, hann fer alltof sjaldan í gegnum einhvers konar hreingerningu. Ef þetta væri ekki traustur bíll með góðu lakki þá myndi sjást á honum.“

Það var árið 1982 sem Jobbi hóf að bóna bíla en þá í umboðinu hjá Sveini Egilssyni. Árið 1986 hóf Jobbi síðan sjálfstæðan rekstur eða „...að bóna fyrir Pétur, Pál og alla utan af götunni“, eins og hann orðar það sjálfur. Hann segir að reksturinn gangi bærilega. Á meðan aðrar bónstöðvar leggja upp laupana eða skipta um eigendur þá heldur Jobbi ótrauður áfram. Hann segir það líka mikilvægt að hann gangi í öll störf sem hann og gerir. „Það er enginn framkvæmdastjóri eða forstjóri með viti nema hann geti gengið í störfin með mönnum sínum,“ segir bónkóngurinn Jobbi að lokum.

steinthor@frettabladid.is



Það er enginn eins svalur og Karl Lagerfeld í tískuheiminum í dag.

Tískusýning á netið

YFIRHÖNNUÐUR CHANEL, KARL LAGERFELD, ÆTLAR AÐ LÁTA MYNDIR FRÁ TÍSKUSÝNINGU SINNI Í NEW YORK Á NETIÐ.

Hinn eitursvali Karl Lagerfeld er annálaður tækniáðandi og því kemur ekki á óvart að hann verður fyrstur allra til þess að gera tískusýningu aðgengilega á netinu. Tískuvikan hófst í gær en henni lýkur næsta föstudag með sýningu Lagerfelds. Sýningin verður

aðgengileg á iTunes-vefnum strax er henni lýkur á svokölluðu Podcast-svæði.

Alls munu 550 manns verða á tískusýningunni sem haldin verður í fyrirverandi ljósmyndastúdíói Önnu Leibowitz, en vinsælasti tískuplötusnúðurinn, Michel Gaubert, sér um tónlistina.

Tískuaðdáendur geta þvi kíkt á iTunes í lok næstu viku en auk þess verður hægt að nálgast sýninguna á heimasíðunni karllagerfeld.com.

ELÍSABET HATAR SMÁTT LETUR

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vitryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.



TAKTU NÆSTA SKREF ÚT Í BUSKANN

BÍLALÁN

Við lánum fyrir nýjum og notuðum bílum á hagstæðum kjörum án tillits til þess hvar þú tryggir bílinn eða hefur þín bankaviðskipti. Reiknaðu lánið þitt á www.frjalsi.is, hringdu í síma 540 5000 eða sendu okkur línu á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að þú komist sem lengst!

DÆMI UM MÁNADARLEGA GREIÐSLUBYRÐI AF 1.000.000 kr.*

Lánstími	5 ár	7 ár	8 ár
5,95% vextir	19.310 kr.	14.585 kr.	13.117 kr.

*Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta

ALLT AÐ
100%
LANS
HLUTFALL

EKKERT
LÁNTÖKUGJALD
**LÆGRI
VEXTIR**

ENGIN
SKILYRÐI UM
TRYGGINGAR-
FÉLAG

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN



SMS
Bílasprautun og réttingar

- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll váttryggingarfélagin
- Fljót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla

CABAS tjónamat

Smíðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunama@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep **CHRYSLER** **DODGE**

BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smíðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

HVELLUR.com
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum

Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta

Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400

CABAS verkstæði

NÝ

Viðurkennt
CABAS-verkstæði

S.P.R.A.U.T.U.N
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐISETNINGAR

Njarðarbraut 15 • Reykjanesbær • S: 421 2999 • Fax: 421 2090
Netfang: nysprautun@nysprautun.is

www.nysprautun.is

ALLT Á EINUM STAÐ

- VETRARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

TOPDRIVE.IS

ÞÖNTUNAR- OG UPPLÝSINGASÍMAR
896-9319 & 869-2688

FJÓRHJÓL
frá kr. 175.000,-

Vorum að fá í hús ódyrar vespur 150cc, fjórhjól 200cc mótörhjól 250cc og kerrur. Velkomin í sýningaraðstöðu okkar.

Rafmagnsgolfkerrur og golfbílar.

Frábærar fólkubílakerrur komnar á lager á afar hagstæðum verðum.

Skoðið úrvalið á www.topdrive.is



Toyota RAV4 er glæsilegri en forverar hans.

Stærri og betri Toyota RAV4

Nýr og betrubættur Toyota RAV4 verður frumsýndur hjá umboðinu eftir viku. Þegar hafa yfir 200 bílar verið pantaðir af tegundinni sem tekið hefur töluverðum breytingum frá fyrri útgáfum. Blaðamaður Fréttablaðsins prófaði nýja bílinn á dögnum.

Toyota RAV4 er vinsælasti jepplingurinn á Íslandi og ekki útlit fyrir að það breytist á næstunni. Meira en 200 bílar hafa verið pantaðir hjá umboðinu af nýju útgáfunni sem verður frumsýnd eftir viku. Ljóst er því að hann verður áberandi á götum borgarinnar mjög fljótlega.

Blaðamaður Fréttablaðsins brá sér til Portúgal í boði Toyota til að skoða bílinn. Það er óhætt að segja að RAV4 hafi tekið þó nokkrum breytingum. Hann er stærri og rúmbetri. Útlitið á honum er allt sportlegra en fyrr þótt hann beri svipmót forvera sinni. Hann er rennilegri á að líta og glæsilegri. Litaúrvalið er gott og sérlega fallegur blár litur á boðstólum. Að innan má sömuleiðis segja að hann sé töluvert flottari en áður. Notast er við meiri gæðaeefni í innréttingum en áður. Umhverfi bílstjórans er líka með ágætum, innréttingu er haganlega fyrir komið og hún er stílhrein og falleg. Aftursætin má leggja niður og þá fæst farangursrymi sem er 1469 lítrar sem er nær 50% aukning frá því sem var.

Ein helsta nýjungin í bílnum er aksturskerfið, integrated active drive system. Í því felst að samþætt var fjórhjóladrif með virkri togstýringu, rafknúð aflstýri eps og stöðugleikastýring, VSC, Samþættingin er tölvustýrð og er markmiðið með kerfinu að gera akstur auðveldari og öruggari. Blaðamaður fékk að kynna því af eigin raun þegar ný og gamli Rav4 voru prófaðir á þar til gerðum brautum sem settar höfðu



Umhverfi bílstjórans er þægilegt.



Sætin má leggja niður og stækka farangursrymið.



Michiko Sato hönnuður RAV4.

verið upp í grennd við Lissabon. Á braut þar sem líkt var eftir hálfu aðstæðum var mun betra að aka hinu nýja Toyota RAV4 en forvera hans.

Bíllinn er að sjálfsögðu fjórhjóladrifinn sem fyrr en meðal nýjunga er að hægt er að læsa drifinu þannig að 55% aflsins verði í framhjólum en 45% í afturhjólum. Það getur verið hentugt til dæmis í snjó. Í bílnum er einnig svonefnt hill assistant control-kerfi sem kemur í veg fyrir að bíllinn renni aftur á bak þegar tekið er af stað í brekku. Til að virkja kerfið þarf að stíga fast á bremsuna en ekki varð betur séð en að það virkaði

vel þegar á það var reynt.

Toyota RAV4 mun fást hér á landi annars vegar með 2 lítra bensínvél og hins vegar með 2,2 lítra dísilvél. Hann verður líka fánlegur með stærri dísilvél úti í heimi, en hún fæst ekki innflutt vegna umhverfissjónarmiða Toyota, þeir telja díselolíuna hér á landi með of háu brennisteinsinnihaldi.

Bensínbíllinn var prófaður í Portúgal og reyndist vel á portúgölskum sveitavegum og malarvegi þeim sem ekið var eftir. Hins vegar er bíllinn ekkert mjög kraftmikill og ekki mjög spennandi akstursbíll á evrópskum hraðbrautum. Hann mun fást sjálfskiptur og beinskíptur og var það sjálfskipta gerðin sem ekið var um nágrenni Lissabon. Dísilbíllinn kemur einungis beinskíptur sem hlýtur að vera galli hér á landi þar sem eftirspurn eftir sjálfskiptum bílum er mun meiri.

Í heildina tekið er lipurt og gott að aka Toyota RAV4, hann er góður fjölskyldubíll sem hentar vel við íslenskar aðstæður. Þeir sem eru að leita að öflugum akstursbíl þurfa að leita á önnur mið en þeir sem vilja góðan fjölskyldubíll sem mest er notaður til innanbæjaraksturs eru vel í sveit settir með þennan bíl. sigrður@frettabladid.is

Verð

RAV4 LX MT: 2.620.000 kr.
RAV4 GX MT: 2.850.000 kr.
RAV4 GX AT: 2.990.000 kr.
RAV4 VX MT: 3.190.000 kr.
RAV4 VX AT: 3.330.000 kr.
RAV4 GX DÍSIL MT: 3.390.000 kr.

Stærð

Langd: 4.395 mm
Breidd: 1.815 mm
Hæð: 1.685 mm
Þyngd: 1.465 kg, bensínvél
1.585 kg - dísilvél.

Bensínvél

Slagrými: 1.998 ccm
Fjöldi strokka: 4
Hámarksafköst: 152 við 3.600 sn. á mín.
Hámarkstog: 194 nm við 4.000 sn. á mín.
Hröðun: 0-100 km á 10,6 sek beinsk. 12 sek. sjálfskiptur.

Díselvél

Slagrými: 2.231 ccm
Fjöldi strokka: 4
Hámarksafköst: 136 við 3.600 sn. á mín.
Hámarkstog: 310 nm v 2000-2800 sn. á mín.
Hröðun: 0-100 km á 10,5 sek.



Bíllinn er rúmbetri að innan en áður.



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Ég sé þig ... aðeins of vel

Veðurguðirnir hafa annaðhvort verið í fríi undanfarna daga eða þá að þeim er í nöp við einhvern sem býr nálægt Hellisheiðinni. Á síðustu vikum hef ég nokkuð oft þurft að leggja leið mína yfir heiðina. Þrátt fyrir að hafa lent í alls konar veðri þar í gegnum tíðina er ég dulítið hissa á því hvað þokan þar hefur enst lengi. Og hvað hún er hnausþykk.

Það kemur mér samt alltaf meira á óvart hvað fólk endist ótrúlega til að láta þokuljósinn á bílunum sínum loga í tíma og ótíma. Það er farið að jaðra við einhvers konar tískubylgju. Í fyrsta lagi þykir víst ægilega fínt að vera með kveikt á svuntukösturum allan sólarhringinn. „Hér er ég! Með fullt af ljósum! Sjáið mig!“ Ég hef svo sem aldrei fylgst með neinni tísku þannig að það er ekki von að ég skilji þetta. Kann samt að lesa og í umferðarlögum er skýrt tekið fram hvernig má og má ekki nota ljósabúnað bifreiða. Mikilvægasta ákvæðið þar er hiklaust það sem segir að ekki mega valda öðrum öllum öllum ljósum. Ef þú ert á eftir mér í hnausþykkri þoku og ert með kveikt á jólatrénu í stuðaranum hjá þér þá veldur þú mér glýju. Þú lýsir upp þokuna í kringum bílinn hjá

mér og ég sé minna fram fyrir mig en annars. Skamm. Þokuljós að framan eru ætluð til að lýsa upp til hiðar við bílinn þinn í þoku, svo að þú sjáir vegkantinn betur. Ekki til að vera töff.

Í öðru lagi eru það blessuð þokuljósinn að aftan. Ef þú ert fyrir framan mig í þoku og ég blikka þig þá er það vegna þess að þú ert með þokuljós að aftan kveikt. Þau ljós eru ætluð til að þú sjáist fyrir ef það dregur þig einhver uppi. Þínulítið eins og þokulúður. Þegar ég er kominn í sjónfæri við þig er þér óhætt að slökkva á ljósinum. Ég væri reyndar mjög þakklátur ef þú gerðir það. Alveg eins og það er óþarfi að fara með þokulúður um borð í skip sem er lagst að bryggju og þeyta hann við eyru áhafnarinnar, er algjör óþarfi, og klárasti dónaskapur, að hafa þokuljós kveikt þegar næsti bíll fyrir aftan er svo nálægt að hann getur lesið bílnúmerið hjá þér. Það er fátt í veröldinni sem gefur meiri glýju en að keyra á eftir einhverjum sem hugsar sem svo að það SE þoka og þess vegna ÆTLI viðkomandi að nota þokuljós.

Ef þú sérð mig þá sé ég þig örugglega. Slökktu því á þokuljósum. Svo ég sjái veginn líka.



Renault Modus er nýr borgar- og fjölskyldubíll frá Renault.

Nýr fjölnotabíll frá Renault

Renault Modus var frumsýndur hjá B&L í vikunni.

Renault Modus er ný tegund frá bílaframleiðandanum Renault og hefur verið kallaður fjölnotabíll. Modus sameinar kosti þægilegs borgarbíls og rúmgóðs fjölskyldubíls. Með öll sæti upprétt mælist

farangursgeymsla Modus um 200 lítrar en hana má stækka í 1300 lítra.

Modus hefur svokallað Triptic aftursætakerfi en þá má breyta aftursætabekkjum úr tveimur sætum og yfir í þrjú. Modus fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP.

Volkswagenvél verðlaunuð

Hinn byltingarkennda TSI-vél Volkswagen hlaut hin virtu Paul Pietsch verðlaun fyrir árið 2006.

Yfirmanni vélapróunardeildar Volkswagen, Dr. Rudolf Krebs, tók við Paul Pietsch verðlaunum frá sérfræðitimaritinu Auto Motor und Sport fyrir stuttu. Við þróun TSI-vélarinnar hefur verið leitast eftir því að draga úr eldsneytisnotkun en auka jafnframt afl bílsins, vissulega göfugt verkefni. Þetta hefur bíla-smiðum Volkswagen tekist og þeir náð að draga mikið úr eldsneytisnotkun. Jafnframt hefur snerpa og kraftur bílsins aukist sökum léttari vélar og minni strokkastærðar.

Enn sem komið er er Volkswagen Golf GTI eini bíllinn sem skartar fyrrnefndri TSI vél en í vor verður hún einnig fáanleg í Touran bílana. ■



Náðst hefur að draga stórlega úr eldsneytiseyðslu en jafnframt að auka kraft með TSI vélinni frá Volkswagen.



miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is

SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18
Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi
er í Bæjarlind 2, Kjallara



Tökum bíla á 35x12,5 tommu dekkjum

Gældu við bílinn með léttum og mjúkum svampburstum aaaahhhhh!

Klár í snjóinn! MAZDA TRIBUTE

Eigum til afhendingar strax nokkra vel útbúna bíla 31" dekkjum.

Umboðsaðilar:

SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
BSA Akureyri - Sími 462 6300
Bílasala Vesturlands - Sími 437 2100

X4
ehf.

Opið virka daga 10-18:30
Laugardaga kl. 12:00 - 16:00

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hróð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

RÆSIR HF

Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

RX-8 Revolution

ekinn 9200 km fyrst skráður 04/04



Búnaður m.a. 6 gíra beinskípting, 18" sumar og vetrardekk, xenon ljós, leður á sætum, sóllúga, BOSE hljómkarfi og 6 diska spilari, loftkæling, hiti í sætum og margt fleira.

RÆSIR HF. sími 540 5400 Opíð laugardaga 12-16.

TOPDRIVE.IS

PÖNTUNAR- OG UPPLÝSINGASÍMAR
896-9319 & 869-2688



Tilboð!

**FJÓRHJÓL
OG KERRA**
kr. 199.000,-

Vorum að fá í hús ódyrar vespur 150cc, fjórhjól 200cc
mótorhjól 250cc og kerrur. Velkomin í sýningaraðstöðu okkar.

Rafmagnsgolfkerrur og golfbílar.

Frábærar fólkubílakerrur komnar á lager á afar hagstæðum verðum.

Skoðið úrvalið á www.topdrive.is

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusiur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Úlfar í 25 ára gömlum LJ80 úr fyrstu sendingunni sem kom til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aldarfjórðungur á Íslandsmarkaði

**Suzuki bílar hf. halda upp á 25
ára afmæli með sýningu um
helgina.**

Á þessu ári fagna Suzuki bílar hf. því að 25 ár eru síðan fyrirtækið var stofnað og Suzuki bifreiðar héldu innreið sína á Íslandsmarkað. Afmælisveislan stendur allt árið en fyrsti viðburðurinn er afmælisýning nú um helgina þar sem tvær nýjar glæsilegar útgáfur af Suzuki Grand Vitara verða frumsýndar, önnur með dísilmotor en hin með V-6 bensínmotor. Að auki verða aðrar tegundir Suzuki bíla til sýnis.

Fyrstu bílarnir sem umboðið fékk til landsins fyrir 25 árum voru um margt ólíkir þeim sem verða sýndir nú um helgina. Það voru Suzuki Alto og Suzuki LJ 80, tveggja manna jeppi sem fékk viðurnefnið „minkurinn“. „Okkur leist eiginlega ekkert á þá bíla, héldum að þeir væru

einnota,“ segir Úlfar Hinriksson framkvæmdastjóri sem hefur verið hjá fyrirtækinu frá upphafi. „Fljótlega kom þó annað í ljós. Margir af fyrstu Alto-bílunum eru ennþá í umferð og um helgina verður til sýnis LJ80 bíll úr fyrstu sendingunni. Enda eru góð ending og lág bilanatíðni aðalsmerki Suzuki.“

Úlfar segir að það hafi margt breyst á þeim 25 árum sem umboðið hefur starfað. „Nú er orðið miklu auðveldara að eignast bíl og kaupendur geta fengið nýja bíla í hendurnar samdægurs. Þegar við byrjuðum þurfti að bíða lengi eftir bílum að utan og lánamöguleikar voru litlir.“

Suzuki verksmiðjurnar í Japan voru settar á laggirnar 1909 og framleiddu þá vefstóla. Í seinni heimstyrjöldinni var farið að framleiða lítill 125 cc mótorhjól og 1945 rann fyrsti Suzuki bíllinn af færibandinu. Í dag framleiðir Suzuki margs

konar vörur um allan heim en aðaláherslan er á bíla og mótorhjól. „Bílarnir sem við fáum eru frá Japan. Suzuki er gríðarlega stórt merki í Asíu, með 55% markaðshlutdeild á Indlandi og sækir stöðugt á í Evrópu. Í fyrra voru Suzuki söluhæstir í Danmörku,“ segir Úlfar og bætir við að verksmiðjurnar hafi framleitt 2,2 milljónir bíla og 3,7 milljónir mótorhjóla í fyrra.

Viðskiptavinir Suzuki bíla í dag hafa margir hverjir keyrt Suzuki í áraradír. „Þetta eru sparneytnir bílar. Fyrstu smábílarnir á Íslandi voru Suzuki og sparaksturskeppnir sem voru vinsælar áður fyrr lögðust af því það sló eigin Suzuki við,“ segir Úlfar. „Við bjóðum allar tegundir með fjórhjóladrifi og úrvalið höfðar til allra aldurshópa.“

Sýningin um helgina er opin frá klukkan 13 til 17 báða dagana. Út árið verður svo boðið upp á ný og spennandi afmælistilboð. ■



Subaru Forester reyndist með minnstu bilanatíðninna í prófi þýska öryggiseftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Subaru fær hæstu einkunn hjá TÜV

**Subaru Forester hlaut hæstu
einkunn fyrir áreiðanleika hjá
þýska öryggiseftirlitinu.**

Þýska öryggiseftirlitið, TÜV (Technischer Überwachungs-Verein), hélt stórt próf þar sem reynt var á áreiðanleika bíla, en það er gert samkvæmt lögum á þeim bílum sem náð hafa þriggja ára aldri.

Subaru Forester reyndist hafa minnstu bilanatíðninna en aðeins

fundust bilanir í 3% Subaru Forester bílanna. Niðurstöðurnar voru birtar í AutoReport 2006 og komst Subaru Legacy einnig ágætlega frá prófinu því bíllinn hafnaði í sjöunda sæti ásamt Mercedes Benz MLK.

Þetta próf virðist henta Subaru bílum mjög vel því tveir aðrir bílar frá framleiðandanum hafa áður lent í fyrsta sæti prófsins hjá TÜV en það voru Legacy árið 1999 og Justy árið 2001.

formúla 1 }



Nýr formúlubíll

NÝR BÍLL RENAULT Í FORMÚLU 1
AFHJÚPAÐUR

Heimsmeistararnir í Formúlu 1 kappakstrinum kynntu nýjan keppnisbíl, R26, í vikunni.

Renault fékk bæði titil ökumanna og bílasmíða í Formúlu 1 keppninni í fyrra og stefnir fyrirtækið að því að verja báða titlana í ár. Það var því mikið um dýrðir í Mónakó í byrjun vikunnar en ný keppnisbíllinn var afhjúpaður við hátíðlega athöfn. Útlitslega hefur bíllinn ekki mikið breyst frá því á síðasta keppnistímabili en helsta breytingin er ný vél. Flest liðin hafa verið að skipta um vél sökum breyttra keppnisreglna til þess að draga úr kostnaði liðanna. Þannig hefur vélin verið minnkuð úr þriggja lítra V10 vél í 2,4 lítra V8 vél. Með þessu minnkar eldsneytiskostnaður um fimmtung.

Nýi Renault R26 bíllinn var fyrst prufukeyrður í Jerez á Spáni, heimalandi aðalokupórs Renault Fernandos Alonso, í janúar. Hinn okupórs Renault er Giancarlo Fisichella en eftir þetta keppnistímabil mun Alonso flytja sig um set og ganga til liðs við McLarenmenn. Bæði Alonso og aðrir aðstandendur liðsins eru þó ákveðnir í að verja báða titlana í ár og vinna þannig saman að sameiginlegum árangri.



Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan þessi þúfnabani frá fyrri hluta síðustu aldar var og hét.

Vinnuvélar hagkvæmari og tæknivæddari

Vinnuvélar hafa tekið gríðarlegum framförum á undanförunum áratug. Vélar skila meiri vinnu, eru orðnar mun umhverfisvænni og mun tæknivæddari. Að sögn Hjálmar Helgasonar, sölustjóra hjá Kraftvélum, snýst þessi þróun að langmestu leyti um hagkvæmni. „Það er aðallega verið að þróa vélar sem skila meiri afköstum gegn minni olíueyðslu.“

Hjálmar segir að allar gerðir vinnuvéla hafi verið að þróast og segir ótrúlegt hve framleiðendur hafi

einnig náð að gera vinnuvélar umhverfisvænni bæði hvað varðar útblástur og hljóðmengun. Hjálmar tekur sem dæmi að Komatsu, sem er einn stærsti vinnuvélaframleiðandi heims, hafi eytt um 27 milljörðum íslenskra króna í rannsóknar- og þróunarkostnað árið 2005.

Hjálmar segir að þróun vinnuvéla snúist einnig um að gera rekstur þeirra sýnilegri. „Það er alltaf verið að leggja meiri ábyrgð á hendur stjórnenda vinnuvéla og að bæta við mælitækjum í vélarnar sem auðvelda stjórnendum störf. Brátt mun líka koma á markaðinn ný kynslóð vinnuvéla. Þær vélar verða gervihnattatengdar allar stundir og þá geta eigendurnir farið inn á heimasíðu og séð hvar vélarnar eru í það og það

sinn, hver olíueyðslan er, ástandið á mótornum, hversu marga tíma vélin hefur unnið þann daginn og fleira.“ Þessi tiltekna hagkvæmni snýr ekki beint að stjórnendum vinnuvéla en Hjálmar segir að gríðarlegum fjármunum hafi verið varið til að auka öryggi stjórnenda. Hin aukna ábyrgð stjórnenda hefur orðið til þess að slagurinn um góða menn hefur orðið meiri og þess vegna hefur verið leitast eftir því að bæta aðbúnað þeirra.

Á Íslandi eru vinnuvélar alltaf að verða stærri og stærri að sögn Hjálmar. „Með stærri vélum er reynt að vinna verk á skemmri tíma og meiru er afkastað með færri mönnum, því einn stærsti kostnaður verktaka eru laun,“ segir Hjálmar að lokum.

HVAÐ ER... MILLIKASSI

Þegar götur eru auðar og sólin skín er fínt að eiga bíl með drifi á tveimur hjólum. Hann eyðir aðeins minna en fjórhjóladrifsbíll og er léttari í meðförum. Í snjó og hálfu er hins vegar þægilegra að hafa drif á öllum til að tryggja stöðugleika og drifgetu. Í þungum snjó og erfiðu færi er svo best að vera á bíl sem er mjög lágt gíraður, það er að segja að hjólin snúist mjög hægt miðað við snúning vélarinnar. Þannig vinnur vélin létt á ófærðinni og drepur ekki á sér. Bíllinn spólar ekki og maður hjakkar í ról-egheitunum í gegnum næstum hvaða skafli sem er.

Til að sameina alla þessa kosti í einum bíl var millikassinn fundinn upp. Hann er á eftir girkassanum í drifrásinni og út úr honum koma drifskóftin sem fara í hásingarnar.

Eitt augljósasta merki þess að bíll sé með millikassa er að hann hefur tvær gírstangir, oftast eina stóra og eina litla. Sú síðarnefnda er fyrir millikassann en rétt er að geta

þess að til eru ótal útfærslur á henni og í einstaka tilfellum eru takkar í mælaborðinu í stað stangarinnar.

Algengasta form millikassa býður upp á þrjá möguleika: Hátt drif á tveimur hjólum (oftast afturhjólum), hátt drif á öllum hjólum og loks lágt drif á hjólum. Til að skilja betur virkni lága drifsins má horfa á reidhjól með gírnum. Við afturdrif eru tannhjól fyrir gírana en við pedalana eru líka tannhjól. Afturdrifstannhjól virka svipað og girkassi en fremri tannhjól eru eins konar millikassi.

Eins og áður segir skiptir það höfuðmáli í ófærð og hafa hörðustu jeppamenn og -konur sett aukamillikassa í bíla sína til að fá enn meiri niðurgírningu. Það er gjarnan kallað low-low eða einfaldlega lóló.

Hlutverk millikassa er því annars vegar að miðla vélaraflinu áfram úr girkassanum til eins margra hjóla og maður vill, og hins vegar að gíra niður aflið til að drífa betur í ófærð.

Þrjú bílar í einum. Millikassinn gefur marga notkunarmöguleika.



Hágæða vörur á góðu verði

auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

Varúðarljós • Ljósastarar • Díóðuljós



aldrei
að skafa

Webasto olíumiðstöðvar

Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!

Webasto
Feel the drive

Parlok vörubílabretti úr polyethylen



SV vörubílademparar viðhaldsfrír - mjög sterkir



Ryðfrír kassar



margar gerðir
frábært verð

Webasto olíumiðstöðvar
Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljósastarar, díóðuljós
Be-Ge vörubíla og vinnuvélastólar
BAWA ryðfrír kassar fyrir vörubíla

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330




oilily

**Vor
2006
komið**

ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201
P.S Útsölulok



Signý Þóra verslunarstjóri og Guðrún Edda Einarsdóttir, starfsmaður Marimekko, í nýja húsnæðinu á Laugavegi sem er rúmlegt og fallegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tískuvöruslunin

CHA*CHA
Glæsibæ • Sími 588 4848

**Útsalan
í fullum gangi**

Erum að taka upp nýjar vörur
**Try Me buxurnar
komnar**

Marimekko á Laugavegin

Eftir stutta viðdvöl í húsi Iðu á Lækjargötu er Marimekko nú flutt í stærra og skemmtilegra húsnæði á Laugaveginum.

Signý Þóra Ólafsdóttir er verslunarstjóri Marimekko en tvær vikur eru síðan verslunin flutt á Laugaveg 56, beint á móti Kjörgarði. Í versluninni má meðal annars finna barnaföt, heimilsvörur og efni en mesta áherslu leggur verslunin á kvenfatnað.

Signý segir að Marimekko sé evrópsk gæðavara. „Sérstæða Marimekko eru gæðin. Notuð eru vönduð og endingargóð efni sem er ætlast til að viðskiptavininum líði vel í. Þetta er evrópsk hönnun og að öllu leyti búin þar til, fyrir utan gúmmístígvél sem eru gerð úti í Kína. Aðalsmerkið eru samt

þessi evrópsku gæði.“

Að sögn Signýjar er verslunin að þróast örlítið svona fyrst um sinn. Aðaláherslan verður þó lögð á kvenfötin, en heimilsvörurnar hafa verið svo vinsælar að þær kalla á frekara pláss. Úrvalið er því síbreytilegt.

Þessa dagana stendur yfir útsala hjá Marimekko en barna- og kvenfötin eru með 30-40% afslætti. Í dag verður svo 15% afsláttur af öðrum vörum í tilefni af löngum laugardegi.

Signý er mjög ánægð með hvernig verslunin hefur farið af stað og segir að í raun hafi fát komið annað til greina en að vera á Laugaveginum enda sé hann í mikilli sókn. „Þetta hefur gengið vonum fram, við gætum ekki verið ánægðari,“ segir Signý að lokum með bros á vör.



Marimekko stígvélir eru skrautleg og skemmtileg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einnig opið laugardag og sunnudag



**Útsala
50%**

	Áður	Nú
Ullarkápur	29.900	15.000
Mokkakápur	25.900	13.500
Ullarjakkar	12.900	5.900
Úlpur	12.900	5.900
Dúnkápur	22.900	11.500
Rússkinsjakkar	16.900	8.500
Pelsar	26.900	13.500

Mörg góð tilboð

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

Opið virka daga frá kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16 og sunnudaga frá kl. 12-16



Vera Wang er ein þeirra rúmlega 100 tiskuhönnuða sem sýnir hausttiskuna sína á tiskuviku í New York sem nú stendur yfir. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Tiskuvika hefst í New York

TÍSKUVIKA HÓFST Í NEW YORK Í GÆR EN ÞAR VERÐUR HAUSTTÍSKA ÁRSINS KYNNT.

Það ríkir alltaf spennan í tiskuheiminum þegar tiskuvika hefst í New York og árið í ár er engin undantekning. Mikil eftirvænting ríkir en nokkrir tiskuhönnuðir hafa gefið upp vísendingar um það sem koma skal en aðrir eru þöglir sem gröfin. Charles Nolan hefur sagt að hermannajakkar, sem til dæmis hann gangi í dags daglega, verði áberandi á sýningunni sinni. Vera Wang segir hins vegar að haustlína hennar muni einkennast af mjög aðsniðnum

fötum sem verða undir áhrifum fágæðrar litasamsetningar Marks Rothko. Alls munu meira en 100 hönnuðir sýna á tiskuvikunni og má þar á meðal nefna Kenneth Cole, Donnu Karan, Ralph Lauren, Oscar de la Renta, Marc Jacobs, Luca Luca og Önnu Sui. Flestir atburðir tiskuvikunnar fara fram í tjöldum í Bryant Park á Manhattan en alls er talið að um 15 þúsund tiskuaðdáendur muni heimsækja tjöldin dag hvern. Tiskuvikunni lýkur næstkomandi föstudag.



Fjólurauð ullarpeysa með V-hálsmáli frá Benetton.

Hvít alullarpeysa með gataprjóni að framan.

Finleg ljósblá ullarpeysa með V-hálsmáli frá Yarell.

Finleg grágræn ullarpeysa frá Gerry Weber.

Ljósgrá alullarpeysa á herra frá Christian Dior.

Merkjavara á gjafverði

Oft má finna fallegar flíkur á lágu verði í verslunum með notuð föt.

Peysur úr 100% merínóull kosta yfirleitt skilinginn í innkaupum enda um hágæðavöru að ræða sem endist og endist sé rétt með hana farið. En slíkar flíkur og aðrar álíka er líka hægt að hitta á í verslun Rauða krossins á Laugavegi og verslun Hjálpræðishersins í Garðastræti. Það getur hins vegar kostað nokkrar ferðir að finna þær því þær koma ekki inn daglega. En ef heppnin er með í för og líka nokkur útsjónarsemi er hægt að gera svellandi góð kaup í þessum búðum eins og sjá má á þessaris síðu. Hver og ein peysa kostaði aðeins 500 krónur.



Svört þunn peysa úr teygjuefni með finlegum hvítum rósum. Merkið er easyspirit.



Dökkblá jakka-peysa með kraga úr blöndu af merínó ull og polyakríl.



Dökkblá jakkapeysa úr 50% polyakríl og 50% merínóull



Rauð dömupeysa úr ull og angóru frá Benetton.

Dökkgræn ullarpeysa á herra frá Hugo Boss.

Rósóttur fínlegur bolur frá L-C fashion París.

SAND

WOMAN

lokavika útsölnunnar
70 til 80%
 afsláttur af öllum vörum
 einnig komnar nýjar vörur

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

NEW YORK DUBLIN BERLIN VIENNA ZURICH MOSCOW WARSAW MADRID STOCKHOLM OSLO HELSINKI PARIS LONDON AMSTERDAM COPENHAGEN EDINBURGH REYKJAVIK



Fyrst í fjallið

Pú ert í forgangi hjá Avis

Bókaðu bílinn hjá heima og fáðu um leið **Forgangskort** hjá Avis. Þá færðu forgang þegar þú sækir bílinn á flugvöllinum og þú nýtur um leið bestu kjara.

Með **Forgangskorti** Avis þarftu ekki að biða eftir bílinum - bíllinn biður eftir þér.

Pýskaland - verð frá kr. 19.600 á viku
m.v. B flokk - Opel Astra eða sambærilegan.
Innifalið: ótakmarkaður akstur, kaskó og þjóftrygging, flugvallargjald og skattar.

AVIS
Knaarravog 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

We try harder!
Við leggjum okkur fram



Brynja Gunnarsdóttir fékk skíðabakteríuna á Ítalíu fyrir tveimur árum og fer nú árlega í skíðaferð á erlendri grund.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fékk skíðabakteríuna á Ítalíu

Brynja Gunnarsdóttir fór í sína fyrstu skíðaferð fyrir tveimur árum. Hún smitaðist fljótlega af skíðabakteríunni og ætlar nú út fyrir landsteinana þriðja árið í röð og skella sér á skíði.



Zell am See-skíðasvæðið í Austurríki. Þar ætlar Brynja að bruna í brekkunum í næstu viku.

Fyrir tveimur árum skellti Brynja Gunnarsdóttir sér í skíðaferðalag til Ítalíu með tveimur vinkonum sínum. Þær stölluðu dvöldu á Madonna-skíðasvæðinu í ítölsku Ölpunum og var dvölin eins og best verður á kosíð. „Ferðin var frábær enda er Ítalía æðisleg,“ segir Brynja sem var í góðum félagskap. „Skemmtilegast við ferðina var að við vinkonurnar sofnuðum hlæjandi og vögnuðum hlæjandi. Svo er aðstaðan á svæðinu til fyrirmyndar, maturinn góður og sólin skín. Ítalir eru líka svo skemmtilegir, þeir hafa svipaðan hómur og Íslendingar.“

Brynja smitaðist strax af skíðabakteríunni og ári síðar var hún aftur komin til Madonna á Ítalíu. Skíðaferð á erlenda grund er því orðin að árlegum viðburði hjá henni og í næstu viku flýgur hún með skíðin til Austurríkis á Zell am See-skíðasvæðið. „Maður verður að prufa fleiri staði til að fá

einhverja viðmiðun. Íslendingum finnst náttúrliga allar brekkur stórar,“ segir Brynja og hlær. „En mér skilst að Zell am See-svæðið sé frábært. Ég er mjög spennst fyrir ferðinni því mér er sagt að Ítalía og Austurríki séu um margt ólík lönd og ég hlakka til að sjá hver munurinn er.“

Nú er vika í brottför hjá Brynju og hún er full tilhlökkunar. „Þetta er svo skemmtilegt. Ég hlakka til að fara að sofa á kvöldin því ég er svo spennst að vakna næsta morgun og byrja nýjan dag.“

johannas@frettabladid.is



Styrkur frá FITUR

FITUR er sjóður sem veitir styrki vegna samstarfs Færeyja og Íslands til þess að bæta ferðaþjónustuna.

Styrkur verður veittur til:

- náms í tengslum við ferðaþjónustu
- samstarfs innan ferðaþjónustu - "kombinationsturisme"
- samstarfs milli landanna, sem veitir vitneskju um menningu, lífnaðarhætti, atvinnuvegi o.s.frv.
- samvinnu flutningsfélaga
- markaðssetningar í ferðaþjónustu

Til dæmis er veittur styrkur til:

- íþróttafélaga
- skóla og námsstofnanna (kynningarferðir)
- samtaka atvinnulífsins
- sveitarfélaga
- vinabæja
- hátíðarhalda

Umsóknir á ensku eða dönsku sendist til:

FITUR
c/o Ferðamálaráð Íslands
Lækjargata 3
IS-101 Reykjavík, Ísland

Umsóknarfrest er 10. febrúar 2006.
Frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð fást hjá ferðamannaráðum og á heimasíðunum www.tourist.is og www.icetourist.is



Bændaferðir bjóða upp á helgarferð til London og Birmingham þar sem BB King heldur tónleika þann 1. apríl.

BB King í Birmingham

BÆNDAFERÐIR HALDA TIL BIRMINGHAM Í LOK MARS ÞAR SEM HLÝTT VERÐUR Á KVEÐJUTÓNLEIKA BB KINGS.

GSA er félagsskapur fólks sem hefur fengið lausn á vandamálum sínum tengdum mat.

Fyrir þá sem hafa reynt flest, en eiga enn í vanda með mat!

- Ef þú hefur árangurslaust farið í megrun...
- Ef þú borðar þegar þú vilt ekki borða...
- Ef þú borðar til að takast á við stress eða erfiða líðan...
- Ef þú getur ekki hætt að borða sykur og ýmsan sterkjuríkan mat, hversu mikið sem þú reynir...
- Ef þér finnst þú hafir reynt allt, án árangurs...

...þá getur verið að við getum hjálpað þér!

GSA samtökin byggja á Cambridge Gráa síðunni og 12 spora bataáætlun A.A.-samtakanna til að styrkja frá-hald frá hömlulausu ofáti. Reglulegir fundir samtakanna eru á fimmtudögum kl. 20.30 – 21.30 í Tjarnargötu 20, 1 hæð.

Allir eru velkomnir á fundi.
www.gsa.is

segir hún með hamingjuglampa í augnaráðinu.

Hræðslan við hungrið

Í AA-bókinni er talað um ákveðið gat í sálinni sem fíklar reyna örvæntingarfult að fylla og kemur út í ófullnægju, eirðarleysi og pirringi.

„Þetta gat fyllti ég með mat, áfengi og sigarettum, en þegar ég hætti að reykja og drekka tók steininn fyrst úr með matinn og ég fór mun neðar í niðurlægingu þegar ég misbauð mér með mat. Ég borðaði endalaust til að fá einhverja fullnægju í líf mitt, en ekkert dugði til. Sem barn hafði ég ávallt komið við í sjoppunni á leiðinni heim því ég vissi að ég fengi ekki nóg heima. Þegar ég hélt saumaklúbba bakaði ég fyrir tugi manns því ég vildi að til yrði nægur afgangur til að njóta í einrúmi og þegar ég bakaði var ég alltaf búin með helminginn af hráu deiginu áður en það komst í ofninn. Í skólanum lifði mötuneytið góðu lífi því ég verslaði svo mikið yfir daginn og þegar ég kom heim hélt ég áfram að borða þar til ég leið út af á kvöldin. Reyndar er mesta mildi að ég skuli ekki fyrir löngu hafa kafnað úr ofáti því mitt fyrsta verk þegar ég var staðin upp úr rúminu var að fara í ísskápinn og troða mig út,“ segir hún alvörugefin, en mataríkn snýst mikið um að eiga nóg og verða ekki hungrinu að brád.

„Það var einstaklega góð tilfinning að eiga nóg í ísskápnum, en þegar ég hugsa út í það fannst mér ég aldrei eiga nóg. Mataríkn kostar gífurlega peninga og nú kaupir ég þrjá fulla poka af mat fyrir sömu upphæð og ég keypti hálfan poka af kolvetnum áður. Niðurlægingin var margs konar. Ég stal meðal annars mat og sælgæti. Vann í matvörubúð og afskrifaði bakkelsi ranglega til að koma því undan og borða sjálf.“

Einn dagur í einu

Fyrsta reynsluspor GSA-samtakanna er að viðurkenna vanmátt ofætunnar gegn mat og að honum sé orðið um megn að stjórna eigin lífi.

„Ég sleppti loks tökunum,“ segir viðmælandi okkar ákveðið. „Sætti mig við að ég gæti ekki stjórnað þessu sjálf. Um leið og ég hætti að ströggla og vera eilíft í átaki og aðhaldi fór mér að ganga vel. Það var fullreynt að ég gæti ekki haldið mig frá matnum sjálf, og því ákvað ég að leyfa þeim sem á undan hafa gengið í samtökin að verða minn æðri máttur. Mér fannst gott að viðurkenna fyrir sjálfri mér að ég er ekki eitthvert ístöðulaust átvagl og aumingi, eins og ég var fóðruð á sem krakki. Ég hef fullt af viljastyrk á ýmsum sviðum, en ekki þegar kemur að mat og áfengi. Viljastyrkur má sín nefnilega einskis í þessari baráttu,“ segir hún sem tekur bara einn dag í einu, eins og Tólf spora-samtökin boða.

„Ég er í fráhaldi í dag, en hugsa ekki lengra fram í tímann en um daginn í dag. Fyrir mér er Guðs gjöf að vikta matinn minn þrisvar á dag. Það hefur kippt mér niður á jörðina og gefið mér auðmýkt, en líkt og flestir fíklar er ég óskaplega hrokafull. Innst inni er ég bara lítill, hrædd stelpa sem óttast álit annarra á mér, og nota hroka til að sýnast töff. Mataríkn er mikið tabú og enn þykir skammarlegt að vera hömlulaus ofæta. Ég stefni á læknisfræði í framtíðinni og hef ekki enn leyfi til að sjúkdómsgreina fólk, en mín persónulega skoðun er sú að margar ofætur sé að finna í hópi Íslendinga og að vandamálið sé stærra en okkur grunar. Ofætur eiga sameiginlegt að hafa enga sjálfstjórn þegar matur er annars vegar, jafnvel þótt heilsufarslegur vandi blasi við. Ég tek dæmi um knattspyrnugóð sem nýlega drakk sig í hel, eða lést af völdum vandkvæða í lifrarstarfsemi, eins og það er kallað. Sá hafði fengið nýja lifur, en hann fékk ekki nýjan heila og var því sami alkóhólistinn eftir lifrarskiptin. Þannig er einnig með mataríklana. Hömlulaust ofát er sjúkdómur sem býr í huga okkar, og verður ekki læknaður nema eftir andlegum leiðum, sem ekki er hægt að feta nema „fíkniefnin“ séu tekin í burtu.“ ■

Ert þú haldin/n mataríkn?

Til er von fyrir fólk sem glímir við hömlulaust ofát og þá sem ofátið hefur valdið líkamlegum og andlegum sársauka. Hömlulaust ofát er annað og meira en að njóta þess að borða óhóflega. Það getur lamað og skert lífsgæði þess sem í hlut á. Sykur og ýmsar sterkjuríkar matartegundir verða eins og alkóhól fyrir alkóhólistann, fíkniefni fyrir fíkniefnaneytandann og spilakassar fyrir spilafíkilinn.

Fyrir marga er hömlulaust ofát fólksk hækja sem nærir draumóra og magnar upp þráhyggju. Ofætan er ekki fyllilega meðvitund um ástand sitt og vanmátt, en telur sig hafa stjórn á ástandinu, á sama tíma og hún leitar endalaust leiða

til að ná tökum á því. Margir fylgja þessari blekingu þar til í óefni er komið; eru ef til vill vistaðir á stofnun eða sjá ekki aðra lausn en að taka eigið líf.

- Margar hömlulausar ofætur eru langt yfir eðlilegri þyngd, þjakaðar af ýmsum offitutedgum sjúkdómum.

- Hjá öðrum leiðir ofát ekki til offitu, en engu að síður hafa þessir einstaklingar enga stjórn á sjálfum sér gagnvart ákveðnum matartegundum. Algengt er að ofætur hafi einkenni lysterstols og/eða búlimíu og taki ofátið í lotum.

- Svo eru þeir sem geta haldið sér í formi en eiga í sífelldum erfiðleikum með það.

- Á endanum mun sá sem haldinn er mataríkn gera sér grein fyrir að hann hefur enga stjórn á lífi sínu.

GSA (Greysheeters Anonymous) eru tólf spora samtök sem starfa í anda AA-samtakanna. Samtökin tengjast engum félagskap öðrum, hvorki trúarlegum, pólitískum né hugmyndaðlegum. Á fundum samtakanna deila félagar reynslu sinni, styrk og vonum, en GSA samtökin bjóða upp á bataáætlan sem hefur hjálpað fjölmörgum hömlulausum ofætum og öðrum sem telja sig eiga í vanda með mat.



ÚTSALA

Allt að **70%** afsláttur

Úrval ljósa á frábæru verði!



14.990-

Verð



4.990-

Verð áður: 6.960-



990-

Verð áður: 1.990-



1.990-

Verð áður: 2.890-



1.990-

Verð áður: 4.860-



2.990-

Verð áður: 3.890-



11.740-

Verð áður: 18.850-



1.875-

Verð áður: 3.870-



Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Þar sem hetjurnar fæðast

Augu heimsbyggðarinnar verða á München föstudaginn 9. júní þegar flautað verður til leiks í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu sem fram fer í Þýskalandi. Milljónir manna munu sitja fyrir framan viðtækin þegar 32 þjóðir frá öllum heimsálfum etja kappi í einni vinsælustu íþrótt heims. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við Sýnar-menn um aðkomu stöðvarinnar að þessari miklu keppni.

Knattspyrna er mjög einföld íþrótt. Það eru ellefu menn í hvoru liði, ein leðurduora og Þjóðverjar vinna með einu marki.“ Svona lýsti Gary Lineker sinni tilfinningu fyrir þessum magnaða leik sem á sér milljónir aðdáenda um allan heim. Nú eru tuttugu ár liðin síðan „hönd guðs“ sendi Lineker og félagi hans í enska landsliðinu út úr keppninni og Maradona vann titilinn upp á eigin spýtur í Mexíkó 1986 þegar Vestur-Þýskaland var lagt að velli. Fjórum árum síðar hefndu Þjóðverjarnir fyrir tapið þegar þeir lögðu Maradona í lélegasta úrslitaleik sögunnar á Ítalíu. Í Bandaríkjunum árið 1994 var komið að Romario sem færði Brasilumönnum titilinn í fjórða sinn, en í vítaspyrnukeppni skutu Ítalirnir Baggio og Baressi yfir markið. Zidane skoraði tvö á móti Brasilumönnum og tryggði Frökkum sinn fyrsta heimsmeistaratitil á heimavelli árið 1998, en síðast voru það þeir Ronaldinho og Ronaldo sem voru hugmyndasmíðirnir á bak við fimmta titil sambadrengranna frá Brasilíu. Hvort Þjóðverjum tekst að endurtaka leikinn frá 1974, þegar þeir urðu meistarar á heimavelli, er ekki hægt að segja til um en það er ljóst að HM í Þýskalandi verður einhver eftirminnilegasti atburður þessa áratugar.

Undirbúningstímabilið í fullum gangi
Árið 2002 fór keppnin fram í Asíu og fyrir vikið voru leikirnir á heldur óheppilegum tíma. Að venju létu áhugamennirnir tímasetningar ekki á sig fá heldur lögðu sig að breyttum aðstæðum. Nú geta þeir hins vegar andað léttar því leikirnir verða allir í beinni útsendingu á besta tíma.

Sjónvarpsstöðin Sýn hefur á und-



WAYNE ROONEY Enska „barnið“ gæti hæglega stolið senunni en Rooney er lykilmáður í líklegu liði Engendinga.

anförnum árum sinnt knattspyrnuáhugamönnum af mikilli alúð og hefur meistaradeildin meðal annars slegið í gegn hjá áskrifendum hennar. Hilmar Björnsson, sjónvarpsstjóri Sýnar, var að vonum mjög spenntur fyrir keppninni. „Þetta er langstærsta verkefni sjónvarpsstöðvarinnar fyrr og síðar. Sýn var með keppnina fyrir fjórum árum þannig að við vitum um hvað málið snýst,“ segir Hilmar en lofar að hlutirnir verði enn betur gerðir núna. „Þetta er á frábærum tíma fyrir okkur Evrópu-



STÆRSTI SAMSTARFSSAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR Skrifað var undir viðamesta samstarfssamning sem gerður hefur verið vegna sjónvarpsviðburðar í bústað sendiherra Þýskalands. Fjögur fyrirtæki eru samstarfsaðilar Sýnar en það eru Iceland Express, Landsbankinn, Mastercard og Olis. Frá vinstri eru Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, Sigurjón P. Arnason, Ari Edwald, forstjóri 365, Johann Wenz, sendiherra Þýskalands, Ragnar Öundurson, framkvæmdarstjóri Mastercard og Einar Benediktsson, forstjóri Olis.

búa og flestir leikirnir eru klukkan 13, 16 og 19,“ útskýrir Hilmar en bætir jafnframt við að tímasetningar leikja virðist skipta minnsta málinu. „Knattspyrnuáhugamenn haga sínu lífi eftir þessari keppni og eflaust einhverjir farnir að óska eftir sumarfrí þennan mánuðinn,“ segir sjónvarpsstjórinn og hlær.

Það er sama fyrirtækið og stjórnaði útsendingum frá Kóreu og Japan árið 2002 sem sér um HM 2006. „Þeir eru með svokallað „draumateymi“, sem eru sex færustu upptökstjórnar Evrópu, sem stjórna þessum útsendingum,“ segir Hilmar en generalprufa var haldin síðasta sumar þegar álftu-keppnin fór fram í landi.

Þýska-Þeir próf-græjur þar og greinilegt að það verður ekkert upp á framleiðsluna að klaga,“ útskýrir Hilmar og telur að Þjóðverjar séu vel undirbúnir undir herlegheitin. Sjónvarpsstjórinn segir að á HM 1974 í Þýskalandi hafi nær

allir leikvangar verið með hlaupa-brautir allt í kring. „Nú eru áhorfendur miklu nær því það er bara einn völlur sem er með hlaupa-braut. Þetta verður til þess að það verður meiri stemning því allir vellirnir eru hannaðir eingöngu með knattspyrnu í huga,“ útskýrir Hilmar.

Það ætti ekkert að fara framhjá vökulu auga myndavélanna því alls munu um 25 vélar mynda hvern einasta leik. „Sá háttur verður hafður að engar endursýningar verða á meðan boltinn er í



HILMAR BJÖRNSSON Sjónvarpsstjóri Sýnar er bjartsýnn fyrir HM 2006 enda engin ástæða til annars því allt er verða klárt fyrir stærsta viðburð ársins. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

brestr ekki á strax og við höfum ágætis tíma.“ Undirbúningur fyrir keppnina er nú í fullum gangi því ekki borgar sig að koma illa undirbúinn í útsendingu. „Við fylgjumst með hinum og þessum keppnum. Deildarkeppnirnar eru á fullu um þessar mundir og við vitum hvaða leikmenn eru að fara spila og fylgjumst því vel með þeim,“ segir Arnar sem nú þarf að þefa upp alls kyns blöð á hinum og þessum tungumálum.

Sjálfur eyðir Arnar óhemju miklum tíma í að skoða leiki áður en hann fer í útsendingu. „Ég velti mikið fyrir mér hvort um sé að ræða nýtt lið eða gamla refi. Lið Frakka er nánast sjálfvalið en á móti kemur að lið eins og frá Kosta Ríka er skipað leikmönnum sem eru tiltölulega óþekktir,“ útskýrir Arnar en segir þó ekki nóg að spá og spekulera í liðsuppstillingar og taktík. „Við þurfum líka að vita hvort einhverjir séu meiddir og af hverju þessi leikmaður spilar ekki. Fyrir einhver í fylu og þar fram eftir götunum,“ heldur hann áfram og augljóst er að það er mikil vinna sem liggur á bak við lýsingu eins leikjar. Knattspyrnuáhugamenn hafa litlar sem engar áhyggjur af útsendingum enda eru Þjóðverjar þekktir fyrir að hafa stjórn á öllu. Það er hins vegar knattspyrnan sjálf sem hefur verið töluvert í umræðunni. Að undanfögnu hefur borið mikið á velgengni varnarsinnaðra liða á borð við þau frá Grikklandi, Chelsea og Liverpool. Arnar segist skilja vel þessar áhyggjur. „Við viljum sjá Messi, Henry, Ronaldinho og Gerrard sem allir eru snillingar með boltann. Að sjálf-sögðu eru menn

ROBINHO Fyrri part vetrar átti hann erfitt uppdráttar hjá Real Madrid en hefur verið að gera góða hluti að undanfögnu og gæti slegið í gegn á HM.



ARNAR BJÖRNSSON Skilur vel þær áhyggjur manna að varnarbolti verði í hávegum hafður á HM en vonast til að sjá snillinga á borð við Gerrard og Messi. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

hræddir við þessi lið sem stilla tíu mönnum í vörn og treysta síðan á guð og lukkuna.“

Þar sem Íslendingar eru ekki þátttakendur í mótnu má segja að Sýn sé fulltrúi landsins. Arnar segir landsmenn duglega við að stöðva íþróttafréttamennina úti á götu og ræða við þá um menn og málefni. „Heimsmeistarakeppnin er stærsti draumur sérhvers knattspyrnumanns. Við sjálf-ir erum auðvitað orðnir mjög spenntir og hlökkum mikið til,“ segir Arnar. Umræða um góða og slæma þuli hefur stundum komið upp á yfirborðið hér á landi en Arnar segist ekki kippa sér mikið upp við það. „Þessi umræða er í gangi alls staðar þar sem íþróttir eru annars vegar,“ útskýrir hann og segir að sjálfum þyki honum skemmtilegast að gera mennina heima í stofu reiða og pirraða. „Þú getur sagt ýmislegt um börnin eða konurnar en það er allt annað mál um knattspyrnuhetjuna. Það má alls ekki sverta hana,“ segir Arnar o g h l æ r. ■



FÓTBOLTI ER BILUN

Þorsteinn J. Vilhjálmsson verður með þáttinn 4-4-2 sem var mjög vinsæll fyrir fjórum árum en þá var hann tilefndur til Edduverðlaunanna. Þá var Snorri Már Skúlason með honum í liði en nú hefur Heimir Karlsson tekið hans stöðu. „Hann hefur reynslu sem fótboltamaður og úr meistaradeildarþáttunum,“ segir Þorsteinn um þennan nýja samherja sinn.

Sjálfur er Þorsteinn ekki reynslulítill úr knattspyrnuheiminum en hann spilaði sem bakvörður hjá Fram um árabíl en lagði ungur skóna á hilluna. „Ég var heppinn að vera í góðu liði,“ segir Þorsteinn og hreykir sér eilítið af nokkrum verðlaunapeningum sem hann á uppi í skáp fyrir afrekin á vellinum græna. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á knattspyrnu og það sem er í kringum þessa íþrótt, það er einhver skipulagning og hugsun sem heillar,“ segir hann spekinglegur sem víðurkennir að hafa byrjað að hlakka til þegar EM 2002 lauk. „Þetta eru eins og túrningarnar í gamla daga, margir leikir á skömmum tíma,“ heldur Þorsteinn áfram. „Það er

þessi dramatík sem er svo skemmtileg.“

Einhverjir velta því eflaust fyrir sér af hverju fullorðið fólk til jafns við börn hefur gaman af því að sjá tuttugu og tvo fullfriska karlmenn eltast við leðurduora á grasvelli. „Fótbolti er náttúrulega bilun,“ útskýrir Þorsteinn. „Einhver sagði að íþróttin ætti uppruna sinn til þess þegar hermenn spökrðu haus af dönskum prins sín á milli,“ segir Þorsteinn og hlær. „Sem betur fer er nútímaknattspyrna barnaleikur miðað við það.“

Þorsteinn segir að samfélagið snúist einhvern veginn á haus út af þessari keppni. Fólk sem hafi ekki gaman af knattspyrnu yfirhöfuð sogist að þessu og á veitingahúsum snúi allir hausar í sömu áttina; að sjónvarpinu sem er í gangi. „HM er eins og leikhús. Þetta er sameiginleg reynsla þeirra 32 billjóna sem horfa á leikina, fara að sofa og hittast síðan í vinnunni til að ræða leiki gærdagsins,“ segir Þorsteinn og tekur undir þá skoðun að knattspyrna jaðri við trúarbrögð í mörgum heimshlutum. „Við Íslendingar erum hreinlega trúlaus hvað það varð-



ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSOON Nýtir sér reynsluna úr bakvarðarstöðunni í þáttinum 4-4-2 sem hann stjórnar ásamt Heimi Karlssyni alla leikdagana. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIDA

ar. Sumstaðar veltur lundarfar íbúanna á úrslitum leikja,“ segir Þorsteinn.

Sjónvarpsáhorfendur verða oft vitni að ótrúlegum hlutum á meðan HM stendur en það eru kannski ekki síst hinar skautlegu persónur á vellinum sem heilla. „Það hefur verið sagt að leikmennirnir séu börn sem kynnu ekki að pluma sig í neinu öðru. Þetta er stuttur ferill og leikmenn hafa tiltölulega stutta viðdövl á toppnum. Kannski tíu ár og svo er bara flautað af

því það er bara ein leið fyrir knattspyrnumann og það er að hætta. Þetta er því tryllingslegur heimur,“ segir Þorsteinn. 64 leikir eru ansi margar mínútur enda telur Þorsteinn ólíklegt að einhver eigi eftir að horfa á alla leikina. „Þessa vegna erum við með þennan þátta. Það gerist kannski voðalega lítið í níftu mínútna leik en þegar hann hefur verið klipptur niður í 6 mínútna brot hefur þú orðið margt að ræða um.“



Hörður G. Ólafsson



Sveinn Rúnar Sigurðsson



Örlygur Smári



Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson



Tómas Hermannsson



Hallgrímur Óskarsson



Roland Hartwell

2006 söngvakeppni sjónvarpsins

Laugardaginn 4. febrúar kl. 20.10 verður þriðja undanúrslita-kvöldið af þremur. Þar komast næstu fjögur lög af átta áfram í aðalkeppnina sem haldin verður 18. febrúar.

Almenningur velur með símakosningu framlag Íslands til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem haldin verður í Apenu á Grikklandi.

Taktu þátt og tryggðu þínu lagi brautargengi með því að hringja/senda SMS í númerin hér fyrir neðan þegar tilkynnt verður að kosning sé hafin.

Símanúmer

900 2001
900 2002
900 2003
900 2004
900 2005
900 2006
900 2007
900 2008

Lag:

100%
Útópía
Á ég?
Til hamingju Ísland
Meðan hjartað slær
Mig langar að hafa þig hér
Það var lagið
Mynd af þér

Höfundur:

Hörður G. Ólafsson
Sveinn Rúnar Sigurðsson
Örlygur Smári
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
Tómas Hermannsson
Hallgrímur Óskarsson
Roland Hartwell
Sveinn Rúnar Sigurðsson

• Eftir að símakosning er hafin gefast um 35 mínútur til þess að kjósa.

• Einungis þau atkvæði sem greidd eru innan tímarammans eru gild.

• Eitt atkvæði er gefið ef hringt er eða sent sms í viðkomandi símanúmer. Enginn texti þarf að fylgja sms skilaboðum.

• Ekki er hægt að hringja úr númerum sem lokuð eru fyrir hringingar í símatorg.

• Heimilt er kjósa fimm sinnum úr hverju símanúmeri en gjaldfært er fyrir öll símtöl.

• Hvert símtal kostar 99 krónur.

Miðasala á midi.is og í verslunum Skífunnar



Styrkir úr Pokasjóði

Frestur til að sækja um styrk úr Pokasjóði rennur út 10. mars n.k.

Umsóknum skal skilað á www.pokasjodur.is en þar eru allar upplýsingar um sjóðinn, fyrirkomulag og styrki.

Allur hagnaður af sölu plastpoka merktum Pokasjóði rennur til uppbyggjandi málefna, en Pokasjóður, sem áður hét Umhverfissjóður verslunarinnar, veitir styrki til umhverfismenningar-, íþrótt- og mannúðarmála.

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki úr sjóðnum.

**UMSÓKNARFRESTUR
RENNUR ÚT 10. MARS**

Aðeins er hægt að sækja um á heimasíðu sjóðsins og skal umsókn send í síðasta lagi á miðnætti þann 10. mars n.k.



POKASJÓÐUR

GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU } ÞURÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR



ÞURÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR Landsmenn þekkja hana sem söngkonu en hún söðlaði um fyrir nokkrum árum og gerðist myndlistarkona og starfar nú sem slík þó hún leggi sönginn varla nokkurn tíma alveg á hilluna. Hún hefur búið í sveitinni í borginni, á Spáni, í miðborg Reykjavíkur en hefur nú fundið sinn stað í Garðabænum þar sem hún sér Esjuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Í húsi Hallgerðar Langbrókar

Hestar og kindur í Laugarnesi, bárujárnsveggir Þingholtsstrætis, Öryggisvarsla í Palma á Mallorca og mikilvægi Esjunnar. Þuríður Sigurðardóttir söngkona og myndlistarkona gengur um götur lífs síns.

Laugarnes 1949-1969

Ég fæddist í húsi sem hét Laugarnes og stóð við Kleppsveg en hefur verið rífið núna. Þarna er bæjarhóll sem er á minjaskrá og er elsta þekkt bæjarstæðið en húsið sem ég bjó í var um 100 ára gamalt. Bæjarstæðið sjálft er þekkt aftur í landnám og Hallgerður Langbrók átti að hafa búið þarna. Þarna eyddi ég æskunni, þetta var sveit í borg. Foreldrar mínir voru með hesta og kindur og það var heyjað á sumrin. Ég bjó við mikið frjálsræði og við systkinin lékum okkur þarna í kring, í móanum og niðri í fjöru. Ég á þarna ekkert nema góðar minningar, þetta var ævintýraheimur. Bæjarhóllinn stendur þarna eins og hann var og það rétt mótur fyrir þar sem húsið stóð en annars er fátt sem minnir á okkur.

Hraunbær 1969-1970

Ég get ómögulega munað númer hvað húsið var enda bjó ég afar stutt hérna. Þetta var blokk sem ég stoppaði ekki lengi í en á meðan ég bjó hér kynntist ég fyrri eiginmanni mínum.

Þingholtsstræti 19 1970-1971

Við fluttum hingað og ég fann það fljótt að það átti ekki við mig að eiga heima í miðborginni. Mér fannst alveg hræðilegt að sjá

ekki nema út í næsta bárujárnsvegg. Ég sá ekki einu sinni Esjuna en síðan hef ég séð Esjuna. Það má segja að hún sé mín jarðtenging. Ég verð að geta séð hvernig veðrið er en þarna var ekkert veður. Bara næsta bárujárnsklædda hús.

Paseo 21, Palma, Mallorca 1971

Þarna bjó ég í hálf tveggja ári á meðan ég var flugfreyja hjá spænsku flugfélagi. Þetta var ánægjulegur tími, mjög lærdómsríkur og sérkennilegur. Á kvöldin gekk maður um íbúðarhverfið með hund og kallaði á fólk og spurði hvort ekki væri allt með felldu. Svo átti fólk bara að loka húsnum og allir fóru að sofa. Ef ég kom seint þá komst ég ekkert heim heldur varð að leita þennan mann uppi til að komast inn. Þetta var Securitas þess tíma í þessu landi.

Æsufell 2 1972-1978

Þarna keyptum við íbúð og vorum með þeim fyrstu sem fluttu þarna í Æsufellið. Þar hafði ég sko útsýnið sem ég þurfti og þarna var ágætt að búa. Húsið var það stórt að það var húsvörður sem sá um allt sem

Laugarnes

Hraunbær

Þingholtsstræti 19

Paseo 21, Palma, Mallorca

Æsufell 2

Holtsbúð 46

hét sameiginlegt. Þarna eignaðist ég mitt fyrsta barn og ég á þarna miklar minningar. Alltaf þegar ég keyri framhjá þá kíkji ég upp í gluggann þar sem barna-herbergið var. Ég og fyrri maðurinn, við misstum svo hvort annað þar. En þarna bjó ég líka þegar ég kynntist núverandi eiginmanni svo ég á ýmsar tilfinningar sem tengjast þessari íbúð.

Holtsbúð 46 1978-

Við byggðum þetta hús og við eigum hér allt handverk. Hérna eignaðist ég barn númer tvö og hér er gott að vera. Góðir grannar og svo sé ég Esjuna og stutt er að fara í Heiðmörk. Það er mikilvægt fyrir mig að það sé stutt að fara út í náttúruna. Það versta sem ég veit er að vera bundin á einhvern hátt, mér finnst það hræðileg tilfinning. Ég hugsa að sveitin í æskunni hafi haft mikil áhrif á mig. Húsið sem við bjuggum í var afar lítið og við systkinin vorum alltaf úti að leika okkur. Við komum bara inn til að borða og sofa. Sennilega hefur þetta mótað mig sem náttúrubarnið sem ég er. ■

Kiddo bekkur með geymslukassa á hjólum
Verð áður 22.400,- **Verð nú 11.200,-**



Kiddo classic skiptiborð m/körfum
Verð áður 24.500,- **Verð nú 12.250,-**



Kiddo fataskápur m/körfum
Verð áður 54.000,- **Verð nú 27.000,-**



Harrison kista m/kritartöflu
Verð áður 36.000,- **Verð nú 18.000,-**



Kiddo borð m/skúffu og stólar
Stóll: Verð áður 5.500,- **Verð nú 2.750,-**
Borð: Verð áður 15.800,- **Verð nú 7.900,-**



KIDDO BARNAHÚSGÖGN

50% AFSLÁTTUR



OPÍÐ LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

Sungjið með hamingjunni

Sesselja Kristjánsdóttir mezzósópran er fædd undir heillastjörnu sem meðal annars lætur drauma hennar rætast. Undanfarin misseri hefur hún sungjið hvert draumahlutverkið á fætur öðru á fjölum Íslensku óperunnar og á morgun bætist enn eitt við þegar hún stígur fram sem draumadísinn Öskubuska. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir steig inn í ævintýrið með Sesselju.

Það er á morgun sem Öskubuska fer óvænt á örlagadansleik ævi sinnar, en í dag tífar holdgervingur hennar tindilfætt um nýbónað dansgólfið Hótel Borgar þar sem holdgervingur prinsins, Garðar Thor Cortes, syngur ítalskar ariur og mansöngva undir geislum nútímans. Tilviljanir eru ekki til.

Hún hlær dillandi hlátri þegar spurt er út í áhrif þess að verða prinsessa kynþokkafyllsta karlmanns landsins.

„Sýningin mun sjálfsgagt njóta góðs af því og kannski trekkja að nýja áheyrndur. Garðar Thor er alveg jafn yndislegur nú og áður en hann varð kynþokkafyllstur. Hann er bæði ljúfur maður og frábær samstarfsfélagi.“ segir Sesselja sem fyrir löngu fann sinn eigin draumaprins í Ólafi Hjalmarssyni verkfræðingi, en saman fóru þau utan til Berlínar þar sem Sesselja stundaði sitt söngnám.

„Ég varð snemma mjög söngelsk og fór átta ára gömul í kór til þess mikla tónlistaruppalandna Þórunnar Björnsdóttur í Kársnes-skóla, sem þá hafði verið með kórinn í eitt ár. Þar var ég til sautján ára aldurs eða þar til við vorum óbeint reknar, þær elstu í barnakórnum.“ segir hún hláturmild og geislandi hamingjusöm.

Tannlæknadraumar

Sesselja sleit barnsskónum í Kópavogi þar sem hún ólst upp við heilbrigða hvatningu foreldra sinna að prófa sem flest til að finna sinn rétta farveg í lífinu.

„Ég fékk að prófa mjög margt og var aldrei þind í neitt. Þannig stundaði ég um tíma ballett, dans, fimleika, boltaspróttir og fleira en entist lengst í tónlistarskólunum þar sem ég byrjaði að læra á klarinett því ekki var til pianó heima. Tíu ára hef ég svo pianónám og fannst ekkert sérstaklega skemmtilegt, en hélt þó áfram, mikið til vegna yndislegs kennara, Guðmundar Jónssonar, eiginmanns Ingibjargar Þorbergs. Ég þótti skynsöm og af praktískum hvötum hélt ég áfram pianónáminu þar sem ég reiknaði með að kunnáttan kæmi sér vel síðar í lífinu.“ segir Sesselja. Lengst af ætlaði hún að verða leikkona en lenti svo hjá kvenkyns tannlækni sem hafði mikil áhrif á hana.

„Á unglingsárunum er maður gjarnan í leit að góðum fyrirmyndum og þessi kona hafði mikil áhrif á mig, reyndar svo mikil að ég innritaðist á náttúrufræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð, alveg staðráðin í að verða tannlæknir. Eftir tvö ár gat ég ekki lengur afneitað ágengni leiklistar- og sönggyðjunnar svo ég skipti yfir á málbraut þar sem ég taldi tungumál nýttast mér betur. Ég man að stærðfræðikennari minn varð óskaplega móðgður og kvaddi mig með þeim orðum að það væri sárt að sjá á eftir góðum nemanda fara niður niðurfalið.“ segir Sesselja sem á málbrautinni mætti áhrifavaldinum Terry

Gunnell sem kenndi ensku við skólann.

„Ég hafði alltaf haft óbeit á ensku því mér fannst allir hafa sótt málaskóla á Englandi og enskan var langt í frá mín sterkasta hlið. Við skoðuðum til að mynda ensk ljóð, en ekki bara með tilliti til merkingar og þýðingar, heldur líka út frá hljómi orðanna ef svo má að orði komast, en það er einmitt mikilvægur þáttur í svokölluðum ljóðasöng. Kannski hafði Terry líka að einhverju leyti áhrif á þá ákvörðun mína að drífa mig út og sjá hvað yrði. Hann komst nefnilega einhvern tíma svo að orði: „Í guðanna bænum menntið ykkur, skoðið heiminn og kynni fleiri hliðum á sjálfum ykkur, áður en þið kaupði sófasett.“ Ég á enn ekkert sófasett en eignaðist forlata gamlan sófa rétt áður en við fluttum heim og hann held ég mikið upp á.“

Dúxað í Berlín

Á menntaskólaárunum sagði Sesselja skilið við pianónámið, en hélt áfram í bókfögum tónfræðinnar; hljómfraði, tónfræði og tónlistarsögu.

„Ég ákvað eftir stúdentspróf að læra til tónmenntakennara, en í þá deild hafa margir sótt sér réttindi sem nú eru kunnir tónlistarmenn. Eftir útskriftina kenndi ég í tvö ár í Vesturbæjarskóla og hafði umsjón með barnakór, en ákvað svo að láta endanlega reyna á sönginn og kláraði 8. stig hjá Rut Magnússon.“ segir Sesselja sem í kjölfarið ákvað að freista gæfunnar og sækja um framhaldsnám við Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín. „Ég vissi ekkert út í hvað ég væri að fara, lét kylfu ráða kasti og komst inn. Ég var enn slarkfær í þýsku eftir menntaskólagráðuna. Skólinn var í þeim hluta borgarinnar sem tilheyrði áður Austur-Þýskalandi. Ekki ein einasta tölva var í skólunum og enginn talandi á ensku. Berlínarmúrinn hafði fallið sjö árum áður en enn var allt í stillösum, uppgrefti og gífurlegri uppbyggingu.“ segir Sesselja sem dvaldi fimm ár í Berlín og útskrifaðist úr söngskólunum með hæstu einkunn.

„Ég kunni einstaklega vel við mig í Berlín, en í upphafi var óskapleg skriffinska í kringum alla hluti. Til að fá skólaskírteini þurfti leyfi frá lögreglu til að fara inn í borgina, og til að komast þangað þurfti leigusamning. Þetta var mikið ferli og Prússar kannski ekki liðlegasta fólk í heimi, velflestir lausir við þjónustulund en uppfyllir af stifni. Seinna skildi ég að viðmótið byggðist mestmegnis á því að maður talaði ekki tungumálið nógu vel, því þegar því var kippt í liðinn varð allt annað uppi á teningnum.“ segir Sesselja og brosir að minningunni.

„Í skólunum eignaðist ég yndislega vini sem margir hverjir voru fæddir og uppaldir í gömlu Austur-Berlín. Mér þótti þær manneskjur mun hjálpsamari og vingjarnlegri en samborgarar þeirra í Vestur-Berlín. Þeir voru

ENGIN ÖSKUBUSKA Sesselja segist sæmilega vel innrætt og hjartahly eins og Öskubuska, en vera svo heppin að eiga betri foreldra en ævintýrprinsessan, auk þess að vera ekki jafn fótneitt í prinsessuskóna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



lausir við vestrænt stress, en ég á allt eins von á því að það hafi breyst núna.“

Skúffugreining og buxnarullur

Í heimi sönglistarinnar kallast raddtegund Sesselju mezzósópran.

„Mezzó þýðir hálfur, þannig að segja má að ég sé hálfur sópran.“ útskýrir hún kankvís. „Mezzó er fagið mitt á milli sópranraddar og altraddar, en þetta er alltaf þínulítill skúffugreining innan óperufagsins. Við tölum stundum um líti í tónlist; sumir eru með dökka rödd en aðrir bjarta. Sópran er hærri og alt er dýpri, en mezzó er í sumum tilfellum jafn há og sópran en þó dekkri í lit. Þegar tónskáld skrifa hlutverk sækja þeir í mismunandi raddlit til að aðgreina ólíka karaktera.“ segir Sesselja, sem þrátt fyrir færri mezzósópranhlutverk hefur sungjið mörg þeirra helstu.

„Flest tækifærin hef ég fengið hjá Íslensku Óperunni.“

„Óperusöngur snýst ekki alltaf um fagran svana-söng. Í mörgum hlutverkum syngur maður viljandi með áferðarljótum blæ. Það þarf kjark til að syngja illa, auk þess sem hver og einn þarf að finna sína eigin tækni svo röddin skemmist ekki.“

segir Sesselja sem var ein fimm íslenskra óperusöngvara sem fengu fastráðningu á sínum tíma við Íslensku Óperuna.

„Ég var nýbúin að fá samning til tveggja ára í Þýskalandi þegar Bjarni Daníelsson hafði samband við mig og bauð mér fastráðningu. Ég fann þá strax að Ísland togaði í mig. Draumur söngvara er eflaust misjafn en í mínu tilfelli fannst mér eftirsóknarverðara að vinna heima því hér vil ég búa. Í óperuheiminum er gífurlegt hark. Oftast byrja söngvarar í B-óperuhúsum á tímabundnum samningum og algengt þar að ungar raddir séu ofnotaðar en það veitur á óperustjórum hversu vel þeir hugsa um söngvarana sína. Margir víla ekki fyrir sér að ofnota fólk því alltaf

eru nýir söngvarar tilbúnir að hlaupa í skarðið ef aðrir gefa sig. Mig langaði að eignast barn og hafði gert fullt af hlutum sem tilheyrir frjálsa og óháða lífinu, en þetta eru vitanlega allt ákvarðanir sem maður endurskoðar reglulega og allt eins víst að ég verði fót og freista gæfunnar ytra, þótt núna finnst mér ég vera á réttum stað á réttum tíma.“

Sungjið vel og illa

Sesselja segist þurfa að vera sátt í lífinu til að syngja vel.

„Þegar togstreita hefur verið í lífinu hef ég fundið svo vel hvernig það kemur niður á sönggleðinni og röddinni sem hljóðfæri. Ég er sátt við rödd mína, finnst hún oftast falleg áheyrnar og lifur vel þegar ég syng fyrir áheyrndur, en þegar mér finnst það ekki skilar það sér beint til áheyranda. Óperusöngur snýst ekki alltaf um fagran svanasöng, sem einnig gerir fagið spennandi. Í mörgum hlutverkum syngur maður viljandi með áferðarljótum blæ, og er nærtækasta dæmið betlikerlingin í Sweeney Todd, þar sem ég lék geðveika konu með hrikalega lífsreynslu að baki. Fagur englasöngur passar ekki slíku karakter, en það þarf kjark til að syngja illa, auk þess sem hver og einn þarf að finna sína eigin tækni svo röddin skemmist ekki.“ segir Sesselja sem í nýjasta hlutverki sínu leikur bæði fagra mey og syngur óviðjafnanlega vel.

„Mér er sama hvort ég er gerð ófrýnileg eða fögur. Sem betlikerling var ég eins og gangandi lík og Öskubuska er ekki beint slétt og strokin fyrr en á ballinu að sjálfstöðu. Fegurðin kemur meira innan frá og það sér prinsinn að sjálfstöðu.“ segir hún hlæjandi og bætir við að hún viti ei hvers vegna hún var valin í hlutverk Öskubusku.

„Bjarni Daníelsson spurði eitt sinn hver mín draumahlutverk væru og Öskubuska er eitt þeirra. Ég á Bjarna margt að þakka; það var hann sem réði mig á sínum tíma og ég hef verið afar heppin að hafa hneppt svo mörg draumahlutverk þar sem tækifæri eru af skornum skammti á Íslandi.“ segir Sesselja sem á sitthvað sam-eiginlegt með Öskubusku.

„Ég er ágætlega innrætt og með sæmilega stórt hjarta eins

og Öskubuska, en foreldrar mínir eru ekki sambærilegir við það sem hún þurfti að þola. Þá er ég ekkert sérstaklega fótneitt, sem kemur ekki að sök í útgáfu Rossinis á ævintýrinu því þar koma skór ekki við sögu heldur arm-bönd. Öskubuska afhendir prinsinum annað armband og segir honum að leita sig uppi því hann muni þekkja hana á hinu.“ segir Sesselja. Í útfærslu Íslensku óperunnar hefur leikstjórnin Paul Suter yfirfært hugmyndina um armbönd yfir í uppháa kvöldkjólahanska.

„Á þýsku þýða hanskur „handschue“ eða handskór, þannig að við erum ekki komin svo langt frá upprunalega ævintýrinu, þótt þarna þurfi ekki að sníða af hvorki hæla né tær.“ segir Sesselja hláturmild.

Lífið meira en söngur

Öskubuska Íslensku óperunnar er gamanópera, sungin á ítölsku með íslenskum texta, eins og íslenskir óperuunnendur hafa vanist.

„Ég trúir því að óperan sé á uppleið, en óperuformið er ný listgrein á Íslandi borið saman við það sem gerist og gengur annars staðar í Evrópu. Í Þýskalandi eru börn til að mynda alin upp við fara í óperuna og sjá til dæmis Töfraflautuna, rétt eins og við förum með börn í leikhús að sjá Línu Langsokk. Óperan er þeim í blóð borin og mikilvægari þáttur menningaruppeldis en hér.“ segir Sesselja og lýsir óperum sem fjölþættri upplifun.

„Óperuflutningur þar sem svo margar listgreinar sameinast er sterkt, tjáningarríkt áreiti sem getur auðveldlega vakið upp allskyns tilfinningar, bæði geðshræringu og gleði, og flestum ógleymanlegur sem fara til að upplifa hann.“ segir Sesselja sem er hvergi bangin við að röddin svíki hana einn daginn.

„Auðvitað á ég mér engan draum heitari en að fá að syngja lífið á enda, en þó finnst mér tilveran snúast um svo miklu meira en bara það að vera söngkona. Ef röddin yrði fyrir skakkaföllum og söngferlinum lyki, grunar mig að heimurinn myndi ekki hrynja. Ég er sannfærð um að mér færist ýmislegt annað mjög vel úr hendi.“ segir hún kát áður en hún bregður á sig uppháum hönskum Öskubusku og heldur á vit ævintýra. ■

Áttu hjól?

Sumarið nálgast. Hvert viltu fara? Jörðin er hvorki flöt né ferköntuð. Gott að eiga finna jeppa, tjald og hjól í friðsældina í sumar? Explorer er hannaður fyrir fólk sem velur 'aktífan' lífstíl og hugsar þægindi sem verkfæri til að ná árangri í hverju sem það tekur sér fyrir hendur, í hvíld eða vinnu. Vertu í hópi þeirra bestu. Skiptu um bíl. Veldu Ford Explorer - nýja 'aktífa' hönnun. Komdu í Brimborg.

Ný hönnun. Skiptu um bíl. Reyndu nýjan og endurhannaðan Ford Explorer 4x4 í dag. Undraverð frá 3.790.000 kr. Þrjúþúsundsjö hundruð og níutíuþúsund. Aðeins.

Opíð í dag
kl. 12 - 16
Komdu í kaffi
og kleinur

SKIPTU UM BÍL
NÝ HÖNNUN
FRÁBÆRT VERÐ



SKIPTU UM BÍL

3.790.000 kr!*

Undraverð á nýjum endurhönnuðum Ford Explorer frá 3.790.000 kr*

WASHINGTON, D.C. Nýjustu fréttir 25.01.2006. Ford Explorer hlýtur hæstu einkunn í árekstraprófi. Umferðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NHTSA).

Explorer sameinar ólíka eiginleika

Ford tekst það sem ekki öllum hefur tekist að gera – að sameina ólíka eiginleika. Þú færð alvöru jeppa, þægindi og flottheit á viðráðanlegu verði. Þess vegna er Explorer vinsælasti jeppi í heimi. Og hefur verið það í 14 ár. Bandaríska vegaöryggiseftirlitið (IIHS) gefur Explorer hæstu einkunn.

Öryggiskerfi Ford Explorer státar af RSC stöðugleikastýrikerfinu, veltivörn, sjálfstæðri fjöðrun á öllum hjólum, hliðarloftþúðum, loftþúðum fyrir ökumann og farþega í

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is

framsæti og loftþúðagardinum sem er staðalbúnaður í Explorer XLT Sport, Explorer Eddie Bauer og Explorer Limited. Komdu í Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

Skoðaðu úrval 4x4 bíla Ford í bílaverslun Ford á Íslandi



● Ford Escape XLS 4x4
5 dyra 2.3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.590.000 kr.
Bílasamningur 35.200 kr.
Rekstrarleiga 47.900 kr.



● Ford Freestyle SEL 4x4
7 manna 3.0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.



● Ford Explorer XLT 4x4
5 dyra 4.0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.790.000 kr.
Bílasamningur 51.480 kr.
Rekstrarleiga 71.750 kr.



● Ford Expedition XLT 4x4
8 manna 5.4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.810 kr.
Rekstrarleiga 83.760 kr.



● Ford F150 Lariat SuperCrew 4x4
4 dyra 5.4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.560 kr.



Öruggur staður til að vera á

Sveitt og rasandi sígaunapönk

Hljómsveitin Gogol Bordello ætlar sér að koma sígaunapönkinu á kortið og slá upp heljarinnar heimspartyi í leiðinni. Eftir að hafa séð þessi ólíkindatöl troða upp á tónleikum var forvitnin vakin og Kristrún Heiða Hauksdóttir komst að því við nánari eftirgrennslan að þessi hljómsveit er nokkuð áhugaverð, umtöluð og jafnvel söguleg.

Gogol Bordello er landamæralaus hljómsveit sem bræðir saman hamslausum sígaunatryllingi, heimsendapönki og öllu öðru sem meðlimunum finnst áheyrilegt, hvort sem það er reggý, raí, dub, eða klezmer-tónlist. Meðlimirnir hittust í New York en höfðu flestir ferðast langt að. Upphaflega var söngvarinn Eugene Hütz einn með gítarinn sinn og harmonikkuleikara en nú telur bandið níu meðlimi, m.a. frá Rússlandi, Ísrael og Ekvador, einn er kínverskur Skoti og annar segist vera taflenskur Ameríkani.

Taktföst og fjölskrúðug tónlist hljómsveitarinnar, sem heitir í höfuðið á rithöfundinum Nikolaj Gogol, er örðin heimsfræg en ljóst er að líflæg sviðsframkoma hópsins á nokkuð í þeim vinsældum því tónleikar sveitarinnar eru örðin illræmdir. Þriðja plata sveitarinnar í fullri lengd, Gypsy Punk Underdog World Strike sem var útsett af páfanum Steve Albini og kom út í fyrrahaust, hefur fengið frábærar viðtökur víða um álfur. Þessi torskilgreinda blanda kinkar kolli til Taraf de Haidouks, Khaled og Goran Bregovic, hljómsveitinni hefur verið líkt við Clash en líka kölluð svar Slavanna við Puges. Tónlistarmennirnir sjálfir nefna Jimi Hendrix, Fugazi og Manu Chao meðal áhrifavaldra sinna.

Söngvarinn Hütz er einkar sjarmerandi skarfur með huggulegt yfirvaraskegg og einstaka sviðsorku. Hann er hálfur sígauni (Roma), en í kjölfar kjarnorkuslyssins í Tjernóbíl árið 1986 flúði hann til Úkraínu ásamt fjölskyldu sinni og bjó m.a. í flóttamannabúðum í Póllandi, Ungverjandi, Ítalíu og Sviss. Hann segist hafa setið ríkisfangslaus á ferðatösku í sjó ár. Á þessum tíma fékk hann mikinn áhuga á sígaunatónlist sem í bland við ást hans á framsæknu pönki og vestrænu rokki var til þess að hann stofnaði Gogol Bordello árið 1998. Heima í Úkraínu var ekkert offramboð á framsækinni tónlist

en Hütz komst m.a. yfir tónlist Einstürzende Neubauten og Dead Kennedys með því að höndla í sjóræningabransanum, ýmist með rokk-tónlist eða klám. Eftir að hann sá Sonic Youth á tónleikum í Kíev var hann viss um að Ameríka væri framtíðarlandið og New York borgin sem hann vildi búa í.

Með stuttri viðkomu í Vermont endaði Hütz loks í New York en þar komst hann í kynni við fleiri tónlistarmenn á svipaðri bylgjulengd, m.a. trommuleikarann Eliot Ferguson og Sergey Rjabtzev, fyrrum leikhússtjóra frá Moskvu sem spilar djöfullega á fiölu og sér um sviðshreyfingar hópsins. Gogol Bordello gaf út smáskífu árið 1999 (When the Trickster Comes a Pokin') og síðan plötu í fullri lengd (Voi-La Intruder) sem trommuleikari Bad Seeds, Jim Slavunos, framleiddi. Harmonikkuleikarinn Yuri Lemeshev, ættaður frá rússnesku eyjunni Sakhalin bættist við ásamt tveimur Ísraelsmönnum, Oren Kaplan og Ori Kaplan, sem þrátt fyrir nöfnin eru ekkert skyldir.

Tónlistin og ólýsanleg sviðslist Gogol Bordello tók að spyrjast út í



undirheimum New York og bandið eignaðist þéttan og fjölskrúðugan addáendahóp. Hütz fór að troða upp sem plötusnúður á búlgarska skemmtihúsinu Mehanata en þar spilar hann sígaunaskotna raí- og flamengótónlist fyrir gesti. Með tímanum tók bandið ýmsum mannbreytingum en Hütz segir að enginn hafi yfirgefið bandið vegna tónlistarlegs ágreinings heldur iðulega vegna áfengis- eða geðsýki. Vinsældir bandsins jukust og brátt var farið að bóka Gogol Bordello á alls kyns uppákomur m.a. á Tate listasafninu og Feneyjartíværingnum. Tónleikagestir Gogol Bordello láta iðulega öllum illum látum, stíga t.d. tröllslegan kósakkadans og láta heillast algjörlega af dáleiðandi takti hljómsveitarinnar sem síst af öllum heldur stillingu sinni heldur fremur sína gjörninga með tilheyrandi latalátum. Söngvarinn ferðast á höndum áhorfenda sitjandi eins og fakir á risavaxinni

trommu, dansari stígur á svið og tekur þvottabrettissóló, það er sungið með blikkfötur á höfðum og öskrað í bjórflöskur. Orkan er gífurleg og addáunin eftir því, það eru ekki margar hljómsveitir sem halda úti svona prógrammi og koma síðan í upplapp og taka sex aukalög til viðbótar.

„Think Globally – Fuck Locally“ og „Greencard Husband“ eru ekkert innflytjendavæl eða lyftutónlist, heldur blanda af beljandi ádeilu og bjart-sýnispartyi heimsporsins.

Yfirlýsingagleði Eugene Hütz hefur ítrekað komið honum í fréttirnar, hann hefur m.a. sagt að hljómsveitirnar gúttarnir í New York séu bara módel með gítara og að rokk og ról vestursins sé dautt, Gogol Bordello sé andsvarið. Textar sveitarinnar, sem flestir eru eftir forsprakkann, eru pólitískir og rammhæðnir, lög eins og „Immigrant Punk“, „Think Globally - Fuck Locally“ og „Greencard Husband“ eru ekkert innflytjendavæl eða lyftutónlist, heldur blanda af beljandi ádeilu og bjart-sýnispartyi heimsporsins þar sem sláninn Hütz er aðalþorparinn. Að hans sögn er alþjóðavæðingin bara ný heimsvaldastefna, hagfræðin ráði of miklu þegar kemur að listinni og miðlun hennar, af augljósum ástæðum hampar hún enskumælandi „afurðum“ en hefur takmarkaðar upplýsingar fram að færa um alvöru tónlist. Jafnvel þeir sem eru forvitnir og leggja sig eftir einhverju framandi lendi oftast en ekki í útgáfu-

gildrum fyrir uppa sem vilja líta út fyrir að vera kúltiveraðir. Besta tónlistin „tengi fólk við tilfinningu sem er stærri en helvítis heimurinn sjálfur.“ Þennan boðskap sinn predikar Hütz við hvert tækifæri en hljómsveitin sýnir líka vilja sinn í verki því þó fjörið sé gífurlegt er partyið ekki eina markmiðið. Í hljómsveitinni sístækkandi eru framúrskarandi tónlistarmenn sem trúa á mátt þess sem þeir taka sér fyrir hendur – og trúa því að tónlistin geti breytt heiminum.

Hljómsveitin stendur fyrir alls kyns hlíðarverkefnum, m.a. síamsbandinu JUF (Jewish Ukrainian Freundschaft) þar sem núverandi og fyrrverandi meðlimir sveitarinnar bræða saman austur og vestur í þeirri viðleitni að búa til það sem þau kalla „ghetto f**k music“. Á síðasta ári ferðaðist Hütz um milli sígaunabúða í Ungverjalandi, Úkraínu og Síberíu til að safna saman og deila tónlist Roma-fólksins – hvort sem hún var hefðbundin eða fór meira út í framsækið sígaunarapp. Í leiðinni vakti hann og föruneysi hans athygli á hlutskipti og líffskilyrðum sígauna í Evrópu. Á síðasta ári lék hann líka í sinni fyrstu kvikmynd, Everything is Illuminated undir leikstjórn Liev Schreiber, en tónlist sveitarinnar ómar líka í myndinni. Hütz er stöðugt að sanka að sér tónlist og leita uppi eitthvað öðruvísi og spennandi og hann hvetur fólk til þess að hræðast ekki heiminn, heldur opna sig fyrir áhrifum, grafa eftir villidýrinu í sér og síðast en síst skemmta sér við undirleik Gogol Bordello.

Frekari upplýsingar og tón-dæmi má nálgast á heimsíðum Gogol Bordello: <http://www.gogolbordello.com/> og <http://myspace.com/gogolbordello>.



Styrkir til nýsköpunar



impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun
Borgum við Norðurlóð
600 Akureyri
Sími 460 7970
www.impra.is

Impra nýsköpunarmiðstöð auglýsir eftir umsóknum um styrki til frumkvöðla og starfandi fyrirtækja.

Styrkirnir eru ætlaðir til þróunar á nýrri þjónustu eða vörum og eru veittir fyrirtækjum og einstaklingum á landsbyggðinni.

Umsóknarfrestur fyrir frumkvöðla rennur út **15. febrúar** nk. en fyrir starfandi fyrirtæki **27. febrúar**.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru að finna á www.impra.is og hjá **Impru nýsköpunarmiðstöð** í síma **460 7970**.

Impra nýsköpunarmiðstöð á Iðntæknistofnun veitir upplýsingar og stuðning í tengslum við viðskiptahugmyndir og stofnun og rekstur fyrirtækja. Á vegum Impru er rekinn fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpun og uppbyggingu frumkvöðlastarfs. Starfsemi Impru nær til landsins alls, en starfsstöðvar eru í Reykjavík og á Akureyri.



Allt að
90%
afsláttur

UTSALA RÝMINGAR

Síðasti sjéns-aðeins 5 dagar eftir

42"
Plasma sjónvarp

47.988kr. afsláttur

119.999

Besta verð á Íslandi

167.988

JDV
JDV42-PLASMA1
JDV 42" PLASMASJÓNVARP

- 42" SAMSUNG V4 SKJÁR
- BIRTA 1000 CD / M2
- SKERPA 3000 : 1
- LITIR 16.77 MILLJÓN
- VIÐBRAGÐSTÍMI 8ms
- HLJÓÐ (8W x 8W) RMS

ENN MEIRI VERÐ LÆKKUN

MEDION

42"
Plasma sjónvarp

14.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

179.988

189.988

Fallegur glerstandur!

42"
Plasma sjónvarp

- Mynd í mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmótakarar
- 10.000:1 skerpa
- Birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað

Heimabíó

SONY

DAVDZ100
SONY HEIMABÍÓ DAVDZ100

- S-Master Digital Magnari
- BV720 Watt • Útvarp FM/AM RDS
- A/V Sync
- Fjólkerfa • Mutli Stereo

- Spilar CD-/CD-RW/DVD+/R/DVD-/RW/DVD-R/DVD-RW
- VCD/S-VCD/MP3/JEG/DiVx
- Dolby Digital, DTS og PLII
- Hljóðtengi fyrir sjónvarp
- Fjarstýring

SONY GÆÐI

720 RMS WÖTT

2.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

35.988

24.000 kr.
ef keypt er með
Medion risatækjum
1.999 pr mánuð

Besta verð á Íslandi

Logitech

931376-0914
GS LASER MOUSE

BT ljóður betur!

Tölvulistinn kr. 7.990
(skv. vef 30.01.2005)
Bónus kr. 5.490
(markt. verð í verslan 30.01.2006)

4.499

5.999

Harður diskur

LACIE

30072BK
LaCie 250GB USB2.0 7200 RPM

- 8MB útvær harður diskur
- Einfalt og fljótlegt!

Taktu afrit af jótamyndunum!
250 gigabætt

14.999

17.999

Sony myndavél

SONY
CYBERSHOT DSC S60

- Carl Zeiss®
- Vario-Tessar® linsa
- 3x Optical aðdráttur
- 6x Digital aðdráttur

12.999

19.999

SONY GÆÐI

Mús

Trust

14887-TRU
TRUST USB AMI
MOUSE SCROLL

99

2.99

9.99

90% afsláttur

aðeins 1 stk. á mann

Allur pakkinn

SONY

KLV30HR35
SONY 30" LCD SJÓNVARP

- 30" LCD sjónvarp
- 1280x720 pixel upplausn
- Textavarp
- Virtual Dolby BBE Surround
- 2 Scarftengi(RGB)/AV
- Tenging/S-VHS Tenging
- Stíllanlegur borðfótur

720 RMS WÖTT

30"

Sony 30" LCD + Sony 800W heimabíó

12.499

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

149.988

SONY GÆÐI

Takmarka magn

BT

DVD upptökutæki

Panasonic

PANASONIC DMR-EH50

- Spilar svæði 1-2
- Innbyggður harður diskur (80GB)
- Allt að 64x skrifhraði af hörðum disk
- Tekur upp á DVD-R og DVD-RW
- Innbyggður kortalesari (SD)
- Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JEPG DVD-R/DVD+/R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS • Fjarstýring

3.499

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

30.000 kr. lækkun!

41.988

71.988



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

